Sprengidagur sterk hefð

Tímamót ➤ 18



Ekki heyrt frá Selenskíj

Lífið ➤ 24



FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

41. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is ÞRIÐJUDAGUR 1. MARS 2022



Síðasta bingóið í Vinabæ var haldið síðdegis í gær. Þar hafa bingóspjöldin verið stimpluð af ákefð síðan árið 1990 en bingókvöld IOGT voru haldin á öðrum stað í átta ár þar áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tíundi hver nítján ára Íslendingur er hvorki með atvinnu né sækir skóla

**Stór hópur nítján ára einstaklinga hér á landi er hvorki í námi né í vinnu. Prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands segir þetta alvarlega þróun með mikinn kostnað fyrir samfélagið.**

birnadrofn@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Ellefu prósent nítján ára einstaklinga hér á landi eru hvorki í vinnu né námi.

Þetta segir Hermundur Sigmundsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og NTNU-háskóla í Noregi, vera alvarlega þróun sem beri með sér mikinn kostnað fyrir samfélagið.

„Við erum að missa mannauð og þetta hefur gríðarleg áhrif á samfélagið. Reikningsdæmið er ekki flókið,“ segir Hermundur. Á Íslandi séu um það bil fjögur þúsund einstaklingar nítján ára gamlir. Af þeim sé 440 hvorki í námi né vinnu.

„Ef bætur eru um 300 þúsund krónur þá eru þetta háar upphæðir,“ bætir hann við en bendir þó enn frekar á að það sé ekki hinn raunverulegi kostnaður. „31 prósent drengja og 22 prósent stúlkna falla úr framhaldsskóla. Meðal innflytjenda er hlutfallið 62 prósent svo maður veltir því fyrir sér hvað verði um þau öll.“

> ”
> 31 prósent drengja og 22 prósent stúlkna falla úr framhaldsskóla
>
> Hermundur Sigmundsson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ og NTNU í Noregi

Spurður að því hvað sé til ráða segir Hermundur nauðsynlegt að stoppa allar leshraðamælingar. „Við þurfum að stoppa þetta strax.“

„Þessar mælingar skapa tapara og koma krökkum í það sem við köllum kvíða. Við erum að fókusa á vitlausa hluti. Leshraðinn er ekki lykillinn heldur það hvort við skiljum það sem við erum að lesa og getum skrifað og sett fram texta,“ bætir Hermundur við. ■

## Útilokun frá SWIFT alvarleg

**ÚKRAÍNA** Greiðslumiðlun til og frá Rússlandi raskast alvarlega með útilokun landsins frá SWIFT-kerfinu.

Rússar munu eiga í erfiðleikum með að fá greitt fyrir útflutning sinn, meðal annars á olíu, gasi, timbri, kolum, málmum og landbúnaðarafurðum.

Eins munu erlend fyrirtæki sem flytja vörur til Rússlands lenda í vandræðum með að fá greitt fyrir sínar vörur.

Hagfræðingur segir áhrif þessa í Rússlandi verða að einhverju leyti keimlík því sem gerðist hér á landi þegar Bretar settu hryðjuverkalög á Ísland árið 2008. Þá skapaðist hætta á skorti á lyfjum og öðrum nauðsynjavörum. SJÁ SÍÐU 4



## Lögreglan braut á blaðamönnum

kristinnhaukur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra úrskurðaði í gær að Lögreglunni á Norðurlandi eystra hefði verið óheimilt að veita Aðalsteini Kjartanssyni, blaðamanni Stundarinnar, réttarstöðu sakbornings í máli Páls Steingrímssonar, skipstjóra Samherja.

»

**Blaðamennina átti að yfirheyra vegna gagna sem þeir fengu í hendur.**

Þórður Snær Júlíusson og Arnar Þór Ingólfsson á Kjarnanum og Þóra Arnórsdóttir hjá RÚV voru einnig með stöðu sakbornings. Lögreglan á Norðurlandi eystra ákvað að yfirheyra þau vegna gagna sem þau fengu í hendur í tengslum við uppljóstrun um skæruliðadeild Samherja, sem beitti sér í þágu fyrirtækisins bak við tjöldin.

Lögreglan á Norðurlandi eystra hefur sætt mikilli gagnrýni fyrir málið og var framgöngu hennar meðal annars mótmælt á Austurvelli. ■

## Leist vel á leistana



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók í gær á móti fulltrúum Krabbameinsfélags Íslands og klæddi sig í fyrsta sokkaparið fyrir Mottumars. Mottumars er árlegt árvekni- og fjáröflunarátak sem haldið hefur verið síðan árið 2010. Átakið hefst í dag en hinn svokallaði mottudagur er haldinn föstudaginn 11. mars. Slagorðið í ár er Þú ert eldri en þú heldur og lögð áhersla á að ná til karla í kringum fimmtugt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Meðalaldurinn hækkað lítillega

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Meðalaldur Íslendinga á árinu 2021 var 36,7 ár og er sá næstlægsti í Evrópu. Aðeins Tyrkir eru yngri en Íslendingar. Þetta kemur fram hjá tölfræðistofnun Evrópusambandsins. Öldrun þjóða hefur mikið verið í deiglunni vegna aukins álags á velferðarkerfin.

Á undanförnum tíu árum hefur meðalaldur Íslendinga hækkað um 1,7 ár en hækkunin á sama tíma í allri álfunni er 2,5 ár. Meðalaldur Evrópumanna var 44,1 ár árið 2021.

Aðeins átta þjóðir hafa meðalaldur undir fertugu, til dæmis Írar og Albanir. Allar Norðurlandaþjóðirnar eru undir Evrópumeðaltalinu. Ítalir eru elstir, 47,6 ára, en þar á eftir koma Þjóðverjar og Portúgalar. ■

## Strætómiðarnir heyra sögunni til

svavamarin@frettabladid.is

**SAMGÖNGUMÁL** Frá og með deginum í dag verður ekki hægt að nota prentuðu strætómiðana lengur. Þetta á bæði við um höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Strætó greindi frá þessu á samfélagsmiðlum í gær.

Strætó gefur viðskiptavinum sínum frest til 16. mars næstkomandi til þess að skipta gömlum strætómiðum yfir í inneign hjá greiðslukerfinu Klapp. Það var tekið í notkun í nóvember síðastliðnum.

Viðskiptavinum er bent á að fara með strætómiðana í móttöku Strætó á Hesthálsi 14 í Reykjavík. Einnig er hægt að senda miðana í pósti þar sem gæta þarf að nafn, símanúmer og netfang fylgi. ■






# Íslenskir kennarar flykkjast á vellíðunarnámskeið Erlu

**Tuttugu pláss á vellíðunarnámskeið fyrir kennara, náms- og starfsráðgjafa, í Danmörku, seldust upp á nokkrum klukkustundum. Erla Súsanna Þórisdóttir, grunnskólakennari og jógakennari, heldur námskeiðið. Biðlistinn er orðinn langur.**

benediktboas@frettabladid.is



Erla og Freyr hafa komið sér og börnunum vel fyrir í Danmörku. MYND/AÐSEND

**SAMFÉLAG** „Mér finnst kennarar stundum hafa svolítið gleymst í umræðunni. Það þarf að fara að byrja að huga að þeim. Þeir geta ekki hjálpað og stutt við krakkana ef þeir hafa ekki orku til að gefa af sér,“ segir Erla Súsanna Þórisdóttir, grunnskólakennari og jógakennari, sem býður vellíðunarnámskeið fyrir kennara og náms- og starfsráðgjafa.

Álagið hefur verið mikið á kennara í Covid. Hafði Erla gengið með í maganum eitthvað í þessari mynd töluvert lengi.

„Það voru 20 pláss í boði og það er strax kominn langur biðlisti. Það er greinilega mikil eftirspurn eftir svona. Mig langaði að bjóða upp á eitthvað einstakt þar sem kennarar fá svigrúm til að hlúa að sér og fá tækifæri til að læra leiðir til að líða betur – sem hægt er svo að nota í starfi sínu,“ segir hún.

Námskeiðið fer fram á Inspiration Center á Suður-Sjálandi í Danmörku sem íslensk hjón eiga og reka. Ætlunin er að kennarinn fari inn í kennsluárið með töfrakistu fulla af verkfærum fyrir sig og nemendur.

Erla sér einmitt um Töfrakistuna á Instagram þar sem hún deilir alls konar fróðleik um sjálfsrækt. Námskeiðið stendur í fjóra daga sem innihalda allt frá mjúku jógaflæði, hugleiðslu, jóga nidra, dansi og öndun til fræðslu og útiveru og svo mætti áfram telja. Þó er Erla með



Námskeiðið er á Inspiration Center á Suður-Sjálandi í Danmörku, Erla segir staðinn henta fullkomlega.

frjálsan tíma þar sem njóta má fallegrar náttúru í ró og næði, ígrunda og safna orku.

Sjálf segist Erla hafa örmagnast er hún hafi verið að kenna. Jafnvel þótt hún væri með öll verkfæri jóga í verkfæratöskunni.

„Hjá mér var þetta flókið en kannski svolítið íslenskt því ég var með allt of marga bolta á lofti. Sem kona tökum við of mikið að okkur og við Íslendingar erum svolítið sér á báti. Að gera allt einn og ekki biðja um aðstoð,“ segir Erla sem kveðst hafa hunsað viðvörunarbjöllur.

„Það var gamalt viðhorf hjá mér að ég gæti allt og gæti komist í gegnum mikið álag án þess að það hefði áhrif. Komast í gegnum þetta á hnefanum. Þetta tengist samt djúpt. Ég ólst upp hjá einstæðri móður sem gerði allt sjálf og ég var, og er stundum enn, föst með það viðhorf,“ segirn Erla. Fólk geti gert mikið sjálft þótt vandinn liggi í samfélaginu.

„Það þarf aðeins að breyta þar því það er heilmikið sem við getum gert til að halda streitu í lágmarki,“ segir Erla sem býr í Danmörku með eiginmanni sínum Frey Alexanderssyni og þremur börnum þeirra.

Erla bendir á að oft séu einfaldir hlutir sem má gera til sjálfsræktar. Ekki þurfi lótusstellingu í 30 mínútur til að stunda hugleiðslu.

„Íslendingar fara aldrei af hamstrahjólinu en ég legg áherslu á einfaldleikann. Til dæmis bara að þvo hendurnar. Það getur orðið að athöfn með nærgætni og umhyggju. Finna fyrir vatninu, hlusta á hljóðin, þvo sér með sápu, þurrka vel, setja góðan handáburð og segja nokkur falleg orð til okkar. Litlu hlutirnir skipta nefnilega máli,“ segir Erla. ■

# SMURVIÐRI Í KORTUNUM!

Eftir fárviðri undanfarinna daga framlengjum við sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota til 4. mars.




Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmíi, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu.*

Engin vandamál – bara lausnir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420 6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540 4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440 8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440 8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481 1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421 6901 |

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

# Mikið í húfi þrátt fyrir viðskiptabann á sjávarfang

olafur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Íslensk fyrirtæki verða fyrir áhrifum vegna þvingunar- og refsiaðgerða Vesturlanda gegn Rússlandi vegna innrásarinnar í Úkraínu. Nokkur íslensk fyrirtæki eru með starfsemi í Rússlandi.

Útilokun rússneskra banka frá SWIFT-kerfinu hefur í för með sér að mun erfiðara, tímafrekara og dýrara verður að millifæra peninga til og frá Rússlandi en áður.

Kaupfélag Skagfirðinga (KS) á meirihluta í rússneska félaginu IcePro LLC sem framleiðir skyr undir merki Íseyjar Skyrs í Rússlandi. Einnig flytur KS íslenskt lambakjöt út til Rússlands síðustu ár í gegnum annað félag, IceCorpo LLC.

Hátæknifyrirtækin Marel, Skaginn 3X og Valka flytja talsvert út til Rússlands. Einnig hefur Hampiðjan lengi stundað útflutning til Rússlands og er með skrifstofu þar eins og Marel, Nautic og Knarr.




Marel er eitt fjölmargra íslenskra fyrirtækja sem verða fyrir áhrifum vegna útilokunar Rússa frá SWIFT-kerfinu. Þau eru þó ekki teljandi.

Sæplast og Borgarplast hafa bæði stundað útflutning til Rússlands. Toghleraframleiðandinn Polar hafði áform um að stofna þar fyrirtæki til að auðvelda samskipti og viðskipti.

Íslenskur fiskur er ekki seldur til Rússlands en mörg íslensk fyrirtæki verða engu að síður fyrir röskun á viðskiptum sínum vegna útilokunar Rússa frá SWIFT-kerfinu.

Meðal þeirra sem geta orðið fyrir áhrifum vegna útilokunar Rússa frá SWIFT-kerfinu eru íslensk flutningafyrirtæki, flugfélög og skipafélög.

Linda Jónsdóttir, fjármálastjóri Marel, segir tiltölulega lítið hlutfall tekna fyrirtækisins koma frá Rússlandi og því muni röskunin ekki hafa teljandi áhrif á fyrirtækið.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum hafa þegar komið upp tilfelli þar sem greiðslur til rússneskra banka voru stöðvaðar vegna viðskiptaþvingana. ■



Flóttamenn troðfylla lest á leið til Ungverjalands. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Hundruð borgara fallin í valinn

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Erfitt hefur reynst að meta mannfall í innrás Rússa í Úkraínu. Meðal annars vegna þess að starfsfólk alþjóðlegra eftirlitsstofnana er margt flúið úr landi. Opinberar tölur frá úkraínskum stjórnvöldum eru 198 manns en þegar þetta er skrifað er talið að í það minnsta 350 óbreyttir borgarar hafi fallið í valinn, þar af 14 börn. Hátt í 2 þúsund óbreyttir borgarar til viðbótar hafa særst í sprengingum eða átökum.

» Evrópusambandið býst við fjórum til sjö milljónum flóttamanna.

Þá hafa að minnsta kosti 368 þúsund Úkraínumenn flúið land. Flestir hafa farið til Póllands, um 200 þúsund, en aðrir til annarra nágrannaríkja, til dæmis Rúmeníu. Evrópusambandið býst við því að á bilinu 4 til 7 milljónir Úkraínumanna flýi land ef stríðið harðnar og dregst á langinn. ■

# SWIFT-útilokunin högg sem meiðir

**Ákvörðun vestrænna ríkja um að útiloka rússneska banka frá SWIFT-kerfinu fyrir sendingar fjármuna milli landa mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir rússneskt efnahags- og viðskiptalíf.**

olafur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Þrátt fyrir að SWIFT-kerfið sé ekki eiginlegt greiðslukerfi, heldur skilaboðakerfi milli fjármálafyrirtækja um öruggt net, gegnir það lykilhlutverki í flæði fjármuna og öruggum bankamillifærslum milli landa. Á þetta ekki síst við um millifærslu hárra fjárhæða.

Þetta þýðir í hnotskurn að alvarleg röskun verður á öllum fjármagnsflutningum milli Rússlands og annarra landa. Rússar eru einhverjir mestu framleiðendur og útflytjendur jarðgass og jarðefnaeldsneytis í heiminum.

Útilokun frá SWIFT hefur í för með sér að kaupendur þessa eldsneytis munu eiga í erfiðleikum með að koma greiðslum til Rússlands.

Einnig eru Rússar stórir útflytjendur korns og hveitis, auk þess sem þeir flytja út mikið magn timburs, kola og málma. Án SWIFT raskast greiðsluflæði vegna þessa útflutnings með alvarlegum afleiðingum fyrir rússneska hagkerfið.

Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja, segir áhrif SWIFT-útilokunar og annarra þvingunaraðgerða á Rússland vera keimlík því sem við Íslendingar reyndum á eigin skinni haustið 2008 eftir að Bretar settu Ísland á lista yfir hryðjuverkaöfl og öll greiðslumiðlun til og frá landinu raskaðist alvarlega.

Ísland var ekki útilokað frá SWIFT-kerfinu 2008 en hryðjuverkastimpillinn varð til þess að fjölmargir erlendir bankar veigruðu sér við að senda fjármuni til íslenskra banka og taka við peningasendingum frá þeim.

Hætta skapaðist á skorti á lyfjum og öðrum nauðsynjavörum hér á landi eftir að greiðslumiðlun til og frá landinu truflaðist vegna hryðjuverkastimpils ríkisstjórnar Gordons Brown í Bretlandi. Hætt er við að ef SWIFT-kerfið sjálft hefði lokast hefði vöruskortur orðið að veruleika.




Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands er SWIFT-útilokunin ekki komin til framkvæmda gagnvart Rússlandi því að einhvern tíma tekur fyrir SWIFT að útfæra hana. Veruleikinn sem blasir við Rússum þegar að því kemur er allt annað en bjartur.

Viðskiptaþvinganir af þessu tagi koma illa við Rússland en því fer fjarri að þær séu sársaukalausar fyrir önnur ríki. Tvær hliðar eru á þessum peningi.

» Fyrirtæki sem flytja út vörur til Rússlands standa frammi fyrir að fá ekki greitt.

Fyrirtæki sem flytja út vörur til Rússlands standa frammi fyrir því að fá ekki greitt fyrir vörur sínar. Þetta er ein ástæða þess að vestræn ríki veigruðu sér við að henda Rússum út úr SWIFT. Viðskiptahagsmunir vestrænna fyrirtækja og fjármálastofnana eru mjög miklir.

Vestrænir bankar eiga miklar fjárhæðir útistandandi í Rússlandi. Á þetta ekki síst við þýska banka, enda voru þýsk stjórnvöld einna tregust í taumi með að grípa til SWIFT-útilokunar.

Mögulega þurfa vestræn stjórnvöld að grípa til einhverra mótvægisaðgerða til að hlaupa undir bagga með þeim fyrirtækjum sem mest verða fyrir barðinu á þvingunaraðgerðum á borð við SWIFT-útilokun Rússa.

Til lengri tíma er líklegt að SWIFT-útilokun skerði verulega lífskjör í Rússlandi. Nokkuð öruggt er að rússnesk fyrirtæki og fjármálastofnanir finna nýjar leiðir til að koma peningagreiðslum til og frá Rússlandi.

Notkun rafmynta er ein leið til greiðslumiðlunar. Einnig geta Rússar nýtt sér kínversku greiðslumiðlunina CIPS, en ólíklegt er að sú leið verði fær í viðskiptum við Vesturlönd. Nokkuð ljóst er að kostnaður við greiðslumiðlun milli Rússlands og annarra landa verður mun hærri en verið hefur innan SWIFT. ■




Kährs
QUALITY IN WOOD SINCE 1857
2017– 2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
2016 2021 Framúrskarandi fyrirtæki
VÖNDUÐ &
VISTVÆN VIÐARGÓLF
KÄHRS PARKET BORÐLEGGJANDI GÆÐI
Birgisson
Herringbone Smoked
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is



Yfir milljón sýni hafa verið tekin innanlands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Tvö ár frá fyrsta Covid-19 smitinu

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Í gær voru liðin tvö ár frá því að fyrsta tilfelli Covid-19 greindist hér á landi. Þann 28. febrúar 2020 greindist íslenskur maður með sjúkdóminn eftir að hafa verið í ferðalagi á Norður-Ítalíu.

Síðan þá hafa 32,8 prósent íbúa landsins greinst með Covid-19. Yfir milljón sýni hafa verið tekin innanlands og rúmlega 123 þúsund þeirra hafa verið jákvæð.

Á síðustu tveimur árum hafa landsmenn að mestu búið við einhvers konar takmarkanir en síðasta föstudag féllu þær allar úr gildi. Í heiminum öllum hafa verið staðfest rúmlega 436 milljónir tilfella af Covid-19 og tæplega sex milljónir manna hafa látið lífið vegna sjúkdómsins. ■

## Vill svör um framtíð kosninga

kristinnhaukur@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra takast á um haustkosningar í sérstakri umræðu á Alþingi í dag. Umræðan er að frumkvæði hins fyrrnefnda.

„Þetta eyðileggur svo mikið fyrir eftirlitshlutverki þingsins. Ríkisstjórnin er óáreitt yfir sumarið og ráðherrarnir dreifa peningum hingað og þangað í styrki,“ segir Björn.

Lengst af voru alþingiskosningar haldnar að vori og allt skipulag þingsins miðaðist við það. Skiptir þar einna mestu máli gerð fjárlaga á kosningaári.

Undanfarnar þrennar alþingiskosningar, árin 2016, 2017 og 2021, hafa verið haldnar að hausti en kerfið hins vegar ekki aðlagað því. Hefur því reynst lítill tími til að koma fjárlögum í gegnum þingið.

„Haustkosningar þurfa ekkert endilega að vera verri en vorkosningar. En þá þurfum við að laga kerfið að þeim,“ segir Björn Leví. ■

# Sumir flýja en aðrir halda kyrru fyrir í Úkraínu

tsh@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Þrír íslenskir ríkisborgarar og sjö aðrir með náin tengsl við þá voru staddir í Úkraínu í gær samkvæmt lista borgaraþjónustunnar.

„Borgaraþjónustan fylgist mjög grannt með hvernig staðan er á landamærum og miðlar því til fólks eftir atvikum en hins vegar gerir hún bara það. Það er ekki um neinar ráðleggingar að ræða eða þvíumlíkt, fólkið sjálft verður alltaf að meta það út frá sínum aðstæðum,“ segir Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Þó nokkrum Íslendingum sem voru staddir eða búsettir í Úkraínu hefur nú tekist að komast úr landi. Þeirra á meðal er Örn Pálmason sem komst yfir til Ungverjalands og fréttamenn RÚV, þeir Ingólfur Bjarni Sigfússon og Ingvar Haukur Guðmundsson, sem komust yfir til Póllands.

Sumir ætla sér þó að halda kyrru fyrir, þar á meðal ljósmyndarinn Óskar Hallgrímsson sem búsettur er í Kænugarði ásamt úkraínskri eiginkonu sinni, Maariku.

> Við erum ekki að fara neitt.



Óskar Hallgrímsson, íbúi í Kænugarði

„Við ætlum að vera áfram. Punktur. Við erum ekki að fara neitt,“ sagði Óskar í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann var þá í miðbæ Kænugarðs að leita sér að opinni matvörubúð.

Úkraínski stjórnarherinn hefur hingað til náð að standa af sér áhlaup Rússa á höfuðborgina en að sögn Óskars er mikill baráttuandi í borgarbúum.

„Þeir eiga ekki séns. Þetta er bara eins og Finnland í seinni heimsstyrjöldinni,“ segir Óskar um horfurnar í stríðsrekstri Rússa. ■

# Brottfall nemenda skaðar samfélagið

**Hermundur Sigmundsson prófessor segir íslenskum ungmennum hafa hrakað mikið á síðustu tuttugu árum þegar kemur að grunnfærni. Ellefu prósent nítján ára einstaklinga hér á landi eru hvorki í námi né vinnu. 34 prósent drengja lesa sér ekki til gagns, það sama á við um 19 prósent 15 ára stúlkna.**

birnadrofn@frettabladid.is



Nemendur við Menntaskólann í Hamrahlíð að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**MENNTAMÁL** Ellefu prósent nítján ára einstaklinga hér á landi eru hvorki í vinnu né námi. Þetta segir Hermundur Sigmundsson, prófessor við Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar, Háskóla Íslands og NTNU-háskóla í Noregi, alvarlega þróun sem beri með sér mikinn kostnað fyrir samfélagið.

„Við erum að missa mannauð og þetta hefur gríðarleg áhrif á samfélagið. Reikningsdæmið er ekki flókið,“ segir Hermundur og bendir á að á Íslandi séu um það bil 4 þúsund einstaklingar nítján ára gamlir, 440 þeirra ekki í námi eða vinnu.

„Ef bætur eru um 300 þúsund krónur þá eru þetta háar upphæðir,“ bætir hann við en bendir þó á að það sé ekki hinn raunverulegi kostnaður. „31 prósent drengja og 22 prósent stúlkna falla úr framhaldsskóla, meðal innflytjenda er hlutfallið 62 prósent svo maður veltir því fyrir sér hvað verði um þau öll.“

Hermundur segir að á síðustu 20 árum hafi íslenskum ungmennum hrakað mikið í grunnfærni. Skýrsla Unicef frá 2020 sýni að 38 prósent 15 ára barna nái ekki grunnfærni í lesskilningi og stærðfræði. „Þetta þýðir bara að við séum að missa fleiri og fleiri út,“ segir hann.

Spurður að því hvað sé til ráða segir Hermundur nauðsynlegt að efla grunnfærni með markvissri þjálfun, eftirfylgni og efla einfalt stöðumat á mikilvægum þáttum. Einnig að stoppa allar leshraðamælingar en leggja höfuðáherslu á lesskilning og skapandi skrif. Á vef ráðuneytisins, þar sem fjallað er um lesfimiviðmið grunnskólabarna, er góð lesfimi sögð samsett færni sem felist í því að lesa hratt, af nákvæmni og með eðlilegum áherslum. Börnin eiga svo að reyna að ná ákveðnum viðmiðum eftir aldri.

> Við erum að fókusa á vitlausa hluti.



Hermundur Sigmundsson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ og NTNU-háskóla í Noregi

„Samanber Heikki Lyytinen prófessor, þeim fremsta í Evrópu, þurfum við að stoppa þetta,“ segir Hermundur. „Þessar mælingar geta skapað aðstæður sem eru ekki góðar fyrir börnin og geta skapað kvíða. Við erum að fókusa á vitlausa hluti. Leshraðinn er ekki lykillinn heldur það hvort við skiljum það sem við erum að lesa og getum skrifað og sett fram texta,“ bætir hann við.

Samkvæmt könnun PISA frá árinu 2018 lesa 34 prósent drengja sér ekki til gagns, það sama á við um 19 prósent stúlkna. Þá segir Hermundur 39 prósent barna í Reykjavík ekki læs eftir annan bekk í grunnskóla.

„Ef ekki á illa að fara verðum við að hjálpa þessum börnum, fókusa á lykilvörður og efla markvissa þjálfun. Þetta hlutfall ætti að vera um 5 til 10 prósent,“ segir Hermundur. Hann segir nauðsynlegt að byrja snemma að huga að þessum þáttum, jafnvel strax í leikskóla. Hópur þeirra barna sem séu í áhættuhóp þegar kemur að málskilningi og orðaforða hafi farið ört stækkandi.

Hermundur er einn þeirra sem fara fyrir þróunarverkefninu Kveikjum neistann í Grunnskólanum í Vestmannaeyjum. Um er að ræða langtímaverkefni þar sem nemendum er fylgt eftir á grunnskólagöngu þeirra. Verkefnið snýr meðal annars að þróun kennsluhátta og hugarfari.

Hermundur segir aðferðir verkefnisins reynast vel. „Við þurfum að stokka upp í skólakerfinu og ekki gleyma grunnfærninni. Hún er grundvöllur sköpunar. Við þurfum einnig að leggja áherslu á hreyfingu, þjálfun í því sem nemendur þurfa að bæta sig í og að þau fái að leysa verkefni sem þau hafa ástríðu fyrir.“

Hermundur mun flytja erindi um áskoranir í íslensku menntakerfi á ráðstefnunni Læsi er lykill að menntun, sem fram fer í Skriðu í Stakkahlíð í Reykjavík, á fimmtudag klukkan 15 ásamt fremstu fræðimönnum á sviðinu Maggie Snowling og Kate Nation. ■


FÉLAG ELDRI BORGARA Í REYKJAVÍK OG NÁGRENNI
FEB

**AÐALFUNDUR FEB ÁRIÐ 2022**

**Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) verður haldinn þriðjudaginn 8. mars, kl. 13:30. Fundarstaður verður auglýstur síðar á heimasíðu félagsins feb.is**

**Félagsmaður þarf að framvísa persónuskilríki eða félagsskírteini til að geta nýtt sér kosningarétt sinn.**

*Stjórn FEB - Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.*


## Borgarstjóri segir vöggustofumálið ekki daga uppi

elinhirst@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að það muni ekki gerast á sinni vakt að vöggustofumálið svokallaða dagi uppi. Þetta kom fram í viðtali við borgarstjóra á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi.

Hópurinn, sem hefur barist fyrir rannsókn á rekstri vöggustofanna á Hlíðarenda og vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, segir málið ganga hægt. Þeir fóru fyrst á fund borgarstjóra síðastliðið sumar og nú virðist vera kominn skriður á málið. Borgarstjóri ætlar að leggja fram tillögu í borgarráði í næstu viku um hvernig staðið verður að framhaldi þess.

Dagur segir að fá verði heimild frá Alþingi til að létta persónuvernd af mörgum skjölum og gögnum sem tengjast málinu til þess að rannsókn á því geti farið fram.

> Ég deili óþolinmæði margra vegna málsins en við erum sammála um að vinna málið bæði faglega og vel.



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

> Alþingi þarf að aflétta persónuvernd af mörgum gögnum og skjölum í málinu.

„Ég deili óþolinmæði margra vegna málsins en við erum sammála um að vinna málið bæði faglega og vel,“ segir Dagur. Það hafi farið um hann að heyra lýsingar á veru barnanna á þessum stofnunum og hann telji það hollt fyrir okkur sem samfélag að kryfja svona mál til mergjar. ■



# Íbúafundur borgarstjóra í Laugardal

**Borgarstjóri býður til opins íbúafundar miðvikudaginn 2. mars kl. 20:00 í Laugarnesskóla fyrir íbúa í Laugardal.**

Á fundinum kynnir borgarstjóri það sem er efst á baugi í hverfinu og mun eiga samtal við íbúa um framtíð hverfisins.

Íbúar geta sent fyrirspurnir inn á vef Reykjavíkurborgar, á netfangið **ibuafundir@reykjavik.is** eða borið þær fram á fundinum.

Heitt verður á könnunni frá kl. 19.30 en fundinum verður einnig streymt inn á **reykjavik.is/ibuafundir**

## Dagskrá íbúafundar

**Dagur B. Eggertsson**
borgarstjóri
Laugardalur

**Stefán Hrafn Hagalín**
íbúi í Laugardal
Þróttari ársins 2015 í símaskránni

**Ævar Harðarson**
deildarstjóri Hverfisskipulags Reykjavíkurborgar
Hverfisskipulag fyrir Laugardalinn - Samráðsferli að hefjast

**Spurningar og svör**

**Kristín Elfa Guðnadóttir**
formaður íbúaráðs Laugardals
Fundarstjóri

Reykjavíkurborg

# Sænski símarisinn Ericsson greiddi ISIS fyrir aðgang að Írak

gar@frettabladid.is

**SPILLING** Samkvæmt rannsóknargögnum sem lekið var til alþjóðasamtaka rannsóknarblaðamanna og þau hafa undir höndum greiddi símafyrirtækið Ericsson hryðjuverkasamtökunum ISIS fyrir að smygla tækjabúnaði inn á svæði undir stjórn ISIS. Spænska dagblaðið El País greindi frá þessu í gær.

Í frétt El País segir frá grunsamlegum tuga milljóna dollara greiðslum frá Ericsson til að viðhalda starfsemi fyrirtækisins í Írak. Höfuðstöðvar Ericsson eru í Svíþjóð.

Skjölin sýni mynstur af mútum og spillingu sem hafi verið svo útbreidd að ekki sé hægt að gera grein fyrir milljónum dollara á þeim tíma sem Ericsson reyndi að halda farsímakerfum sínum gangandi í



Börje Ekholm, stjórnarformaður Ericsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

einu spilltasta landi heims. Um sé að ræða tímabilið frá 2011 til 2019.

Fram kemur að viðskipti Ericsson í Írak hafi verið háð milligöngu manna með tengsl inn í stjórnmálalífið og óvottuðum undirverktökum. Alls kyns leynisamningar og uppskrúfaðir reikningar, falsaðar fjárhagsyfirlýsingar og greiðslur til „ráðgjafa“ með óræða starfstitla hafi sett svip sinn á viðskiptin.

Segir El País að Börje Ekholm, stjórnarformaður Ericsson, hafi aðeins viljað ræða við þá fjölmiðla sem ekki hafi rannsóknarskýrsluna sem lekið var undir höndum.

Ekholm hafi sagt við sænskt dagblað að símafyrirtækið kunni að hafi innt ólöglegar greiðslur af hendi og oft átt í vandræðum með að átta sig á hverjir voru viðtakendur fjárins. ■



Skálholtskirkja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Leiðin nú greið fyrir loftslagsskóg

gar@frettabladid.is

**SKÓGRÆKT** Aðalskipulagsbreyting í Bláskógabyggð greiðir nú leið fyrir ræktun svokallaðs loftslagsskógar í landi kirkjujarðarinnar Skálholts.

Að því er Fréttablaðið greindi frá í mars í fyrra stefnir Skálholtskirkja á ræktun 120 hektara skógar til kolefnisjöfnunar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar synjaði kirkjunni um framkvæmdaleyfi í fyrra og útskýrði Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri þá að breyta þyrfti skipulagi og skilgreina landið undir skógrækt en ekki landbúnað eins og þá var.



Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti

„Það skiptir miklu máli að rækta skóga til kolefnisjöfnunar og þetta svæði er alveg frátekið í það,“ sagði Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti, við Fréttablaðið í fyrra. Í sömu frétt sagði Jón Ásgeir Jónsson, skógfræðingur hjá Kolviðarsjóði og Skógræktarfélagi Íslands, að um yrði að ræða fjölnytjaskóg opinn almenningi.

„Þarna eru lágir ásar sem eru með mosaþembu og frekar rýrir, þar getum við verið með furu og lerki, svo eru brekkur þar sem við getum sett greni og ösp,“ sagði Jón. ■

# Segja Landsnet ábyrgt fyrir skorti á varaafli vegna þarfar á forgangsorku

Rafmagnsleysi eins og það sem varð í Vestmannaeyjum fyrir viku er ein birtingarmynd óásættanlegrar stöðu í rafmagnsmálum bæjarins, ef marka má umræður í bókunum í bæjarstjórn. Minnst 6 MW vanti upp á að tryggja lágmarks forgangsorkuþörf.

gar@frettabladid.is

**ORKUMÁL** „Þrátt fyrir að bæjarstjórn og bæjarráð hafi ítrekað bent á óboðlega stöðu á varaafli í Vestmannaeyjum er staðan enn óbreytt tveimur árum eftir að Landsnet viðurkenndi að staða varaafls í Vestmannaeyjum væri í ólagi,“ segir bæjarstjórn Vestmannaeyja í bókun.

Bæjarstjórnin ræddi á síðasta fundi sínum forgangsorku, varaafl og rafmagnsþörf í Eyjum. Í fundargerð kemur fram að Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri hafi meðal annars farið yfir ýmsar sviðsmyndir er lúti að forgangsorkuþörf og sagt frá fundi með Landsneti og orkumálaráðherra um varaafl og stöðu á afhendingu rafmagns til Eyja. Kom fram að orkumálaráðherra hefði lagt fyrir ríkisstjórn minnisblað um stöðu varaafls í Eyjum.

Sagði Íris frá því að minnst 6 MW vantaði upp á til að tryggja lágmarks forgangsorkuþörf. Landsnet beri ábyrgð á að tryggja varaafl og að nægt varaafl sé fyrir forgangsorkuna. „Þær aðstæður sem bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum hafa varað við undanfarin tvö ár raungerðust síðastliðinn þriðjudag, 22. febrúar, þegar rafmagnslaust varð í Vestmannaeyjum í marga klukkutíma og skamma þurfti rafmagn fram eftir degi með tilheyrandi röskun og áhrifum á allt samfélagið,“ segir í fundargerðinni. Kalt hafi orðið í mörgum húsum.



Minnst sex megavött vantar til að tryggja lágmarksþörf fyrir forgangsorku í Vestmannaeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Alvarlegasta staðan væri ef sæstrengur VM3 myndi gefa sig – þá yrði ekki verðmætasköpun á loðnuvertíð í Vestmannaeyjum þann veturinn.**
>
> Úr bókun minnihluta Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Vestmannaeyja

Fundað hafi verið með almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Landsneti og rætt við orkumálastjóra og ráðherra orkumála.

„Öllum aðilum var gert ljóst að staðan á þessum rafmagnsmálum í Vestmannaeyjum væri óásættanleg og að aðgerða væri þörf og það strax,“ segir í fundargerðinni.

Í sérstakri bókun minnihluta Sjálfstæðismanna segir að upp komi grafalvarleg staða gagnvart atvinnulífinu og heimilum þegar flutningsnetið á fastalandinu gefi sig í óveðrum og varaafl í Eyjum dugi aðeins fyrir broti af þörfinni.

„Alvarlegasta staðan væri ef sæstrengur VM3 myndi gefa sig – þá yrði ekki verðmætasköpun á loðnuvertíð í Vestmannaeyjum þann veturinn,“ bókuðu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins.



Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja

Sem fyrr segir bókaði bæjarstjórn um málið og stóðu allir bæjarfulltrúarnir að þeirri bókun. „Vinnuhópur hagaðila í Vestmannaeyjum og Vestmannaeyjabæjar lagði fyrir Landsnet lausn á varaaflsvandanum fyrir tæpum tæpum tveimur árum en Landsnet hefur enn ekki brugðist við vandanum. Bæjarstjórn lítur stöðuna grafalvarlegum augum og fer fram á úrbætur strax,“ bókaði bæjarstjórnin. ■




# Líkvaka vettvangur skotárásar

jonthor@frettabladid.is

**MEXÍKÓ** Lögreglan í Mexíkó rannsakar nú skotárás sem átti sér stað á sunnudag í líkvöku í Michoacánfylki, sem er á vesturströnd Mexíkó.

Myndefni sem virðist sýna frá skotárásinni hefur verið birt á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum. Þar sjást þungvopnaðir menn raða syrgjendum vökunnar upp við vegg með hendur fyrir aftan höfuð. Í kjölfarið sjást vopnuðu mennirnir skjóta syrgjendurna, líkt og um skipulagða aftöku sé að ræða.

Rannsóknarlögregla hefur gefið út að á vettvangi hafi fundist skothylki og hreinsiefni, en staðirnn virtist hafa verið nýhreinsaður þegar lögregla kom á vettvang. Þá eiga skotför að hafa verið á tveimur bílum og einu mótorhjóli. Á vettvangi voru þó engin lík og því leitar lögregla nú fórnarlamba árásarinnar.



Glæpagengi eru allsráðandi í Michoacánfylki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Talið er að allt að 17 manns gætu hafa látið lífið, en engin dauðsföll hafa verið staðfest.

Þetta er ekki í fyrsta skipti á þessu ári sem líkvaka er vettvangur skotárásar í Mexíkó. Í febrúar voru níu syrgjendur myrtir í borginni Ciudad Juárez þegar vopnaðir menn réðust bæði á fólk við líkvöku og jarðarför manns sem hafði dáið í fangelsi.

Í frétt BBC um málið segir að talið sé að báðar árásir tengist átökum milli glæpagengja. Greina bresk götublöð frá því að talið sé að árásin á sunnudag hafi átt sér stað vegna þess að háttsettur glæpaforingi var viðstaddur líkvökuna. ■



Nýtt heyrnartæki frá Beltone
Beltone **Imagine**™
Skert heyrn spyr ekki alltaf um aldur
Þó aldur sé vissulega ein af ástæðum skertrar heyrnar koma ýmsir aðrir þættir til. Margir viðskiptavinir okkar tala um að þeir vildu hafa komið fyrr. Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Imagine**™ geta bætt lífsgæðin þín til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Leggðu við hlustir með Beltone **Imagine**™ – komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

# Baráttuþrekið komið úr reynslubanka þjóðar

**Baráttuþrek Úkraínumanna hefur vakið bæði furðu og aðdáun heimsins undanfarna daga. Þjóðin sækir eflaust í reynslubrunn sinn í þeim erfiðleikum sem blasa við nú en útsjónarsemi hennar hefur vakið athygli áður.**

adalheidur@frettabladid.is



Hundruð þúsunda Úkraínumanna mótmæltu ríkisstjórn sinni á Sjálfstæðistorginu í Kænugarði í nístingskulda veturinn 2013 til 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þeir sem furða sig á þeirri seiglu sem virðist einkenna Úkraínumenn í baráttunni við innrásarher Rússlands undanfarna daga ættu að kynna sér söguna því baráttuandi þeirra í dag á sér hliðstæðu í nýlegri sögu úkraínsku þjóðarinnar.

Allt frá því Úkraína lýsti yfir sjálfstæði eftir fall Sovétríkjanna 1991 hefur landið verið í stöðugri togstreitu milli austurs og vesturs og ítrekað hefur soðið upp úr vegna hennar. Kosningar í landinu hafa oftar en ekki staðið milli frambjóðenda sem vilja ýmist halla sér til austurs eða vesturs.

Í æsilegri kosningabaráttu árið 2004 tókst Viktor Janúkovítsj, sem naut stuðnings forystumanna Rússa í Kreml, á við forsetann Viktor Jústsjenko sem naut stuðnings Vesturlanda. Kosningabarátta þeirra komst í heimsfréttirnar enda veiktist Jústsjenko af dularfullum sjúkdómi og síðar kom í ljós að honum hafði verið byrlað eitur.

Það vakti mikla reiði í landinu þegar Janúkovítsj sigraði í kosningunum og fljótlega komst á kreik orðrómur um að svindlað hefði verið á þeim. Fólk fór út á götur og mótmælti vikum saman. Það var appelsínugula byltingin. Svo ógilti hæstiréttur landsins niðurstöðu kosninganna og boðað var til nýrra. Jústsjenko hafði betur í þeim kosningum. Og stjórn landsins hallaðist til vesturs um tíma.

Jústsjenko var við stjórnvölinn til ársins 2010 þegar hans gamli andstæðingur Janúkovítsj tók aftur við stjórnartaumum.

**Kirkjuklukkum beitt á lögreglu**

Næst sauð upp úr þegar fríverslunarsamningi Úkraínu við Evrópusambandið var skyndilega sópað af borðinu. Síðla árs 2013 var búið að ganga frá samningi um nánara samband ríkisins við ESB en rétt áður en skrifa átti undir samkomulagið hætti forseti landsins Janúkovítsj við. Talið er víst að Vladímír Pútín hafi átt þar hlut að máli en samvinna Úkraínu til vesturs hefur ávallt verið Rússum þyrnir í augum.

Fólk þusti út á götur höfuðborgarinnar til að mótmæla, einkum stúdentar. Lögregla mætti mótmælendum af fullri hörku en jós með því olíu á eldinn. Kirkjunnar menn kunnu ekki önnur ráð, þegar þeir urðu vitni að barsmíðunum sem stúdentarnir urðu fyrir, en að hringja kirkjuklukkum um alla borg þótt komið væri miðnætti. Ráðið virðist hafa vakið upp eldra fólk af öllum þjóðfélagsstigum og næstu daga og vikur mættu gamlar konur, prófessorar, hagfræðingar, rokksöngvarar og rapparar til að krefjast afsagnar ríkisstjórnarinnar og samningagerðar við ESB.

**Mótmælin sem smurð vél**

Mótmælendur skiptu með sér verkum í vel skipulögðum en lengst framan af friðsamlegum mótmælum. Skipuleggjendur mótmælanna á Sjálfstæðistorginu í Kænugarði skiptu sér í sveitir sem auðkenndar voru eftir heimahéraði eða borgarhverfi liðsmanna. Í sveitunum unnu sumir í sjúkraskýlum, aðrir í matarbásum, fata- og teppabásum eða í samskipta- og tækniverinu.

Allt kom fyrir ekki. Forsetinn tilkynnti að í stað þess að undirrita fyrirhugaðan samning um Evrópusamstarf hygðist hann snúa sér til austurs og efla sambandið við Rússland og Vladímír Pútín. Þá hörðnuðu mótmælin til muna. Í janúar árið 2014 varð fyrst mannfall þegar lögreglan skaut mótmælanda til bana. Úkraínska þingið hafði þá samþykkt lög sem stemma áttu stigu við mótmælum. Var fólki til dæmis meinað að bera hjálma og grímur. Þá mættu mótmælendur með potta og djúpar pönnur á höfði sér og settu upp sams konar molotov-kokteilaverksmiðjur og vakið hafa mikla athygli undanfarna daga og byggðu byrgi fyrir aðkomuna að torginu úr snjó, garðbekkjum, gaddavír og öllu sem nýta mátti til að halda óeirðalögreglunni frá.

Framferði lögreglunnar og stjórnvalda vakti reiði og fordæmingu víða um Evrópu og auk annarra fór erindreki Evrópusambandsins til fundar við æðstu ráðamenn Úkraínu til að reyna að stilla til friðar. Það dugði þó ekki um sinn.

**Forseti flúði til Pútíns**

Þegar mótmælin höfðu staðið í rúma þrjá mánuði og yfir 100 manns höfðu fallið í valinn greiddi úkraínska þingið loks atkvæði um vantraust á forsetann Viktor Janúkovítsj. Það var 22. febrúar 2014. Vladímír Pútín Rússlandsforseti veitti Janúkovítsj í kjölfarið hæli í Rússlandi. Skömmu eftir kosningar sem haldnar voru í kjölfarið var fríverslunarsamningurinn við Evrópusambandið loks undirritaður af nýrri ríkisstjórn.

Friðurinn í kjölfar byltingarinnar var þó skammvinnur því við tóku hörð átök við Rússa um Krímskaga sem áttu eftir að kosta mörg þúsund mannslíf.

Það er eflaust ofan á þessa reynslu úkraínskra borgara sem stjórnvöld í landinu, með Selenskíj forseta í fararbroddi, byggja traust sitt á almennum borgurum á en vegna þeirrar spennu sem byggst hefur upp undanfarnar vikur hafa borgarar allt frá börnum til gamalmenna verið hvattir til að sækja sér herþjálfun, búa til bensínsprengjur eftir uppskrift stjórnvalda og verið treyst fyrir vopnum úr eigu ríkisins. ■



Molotov-kokteilar voru framleiddir í verksmiðjum sem spruttu upp víða árið 2014. Sú reynsla og þekking kemur í góðar þarfir nú. En þessar konur í borginni Dnípro framleiða nú sprengjur til að nota gegn innrásarher Rússa.



Vel var haldið utan um skipulagið á Sjálfstæðistorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Þegar komið var fram í febrúar 2014 voru átökin á Sjálfstæðistorgi tekin að harðna verulega.



Heljarinnar virki var byggt til að varna lögreglu leið inn á torgið.

### Úkraína og NATO

Úkraína hefur átt eins konar samband við Atlantshafsbandalagið, NATO, frá því skömmu eftir fall Sovétríkjanna. Formlegur samstarfssamningur var gerður milli landsins og NATO árið 1997 og hefur sambandið haldið áfram að styrkjast síðan, ekki síst eftir hernám Rússlands á Krímskaga árið 2014. Stjórnarskrá landsins var breytt árið 2019 til að gera fulla aðild mögulega og ári síðar setti núverandi forseti landsins í gang formlega áætlun um nánara samstarf með fulla aðild að markmiði. Ný aðildarríki þurfa að uppfylla skilyrði bæði um góðar lýðræðishefðir og fullnægjandi varnir gegn spillingu. Það hefur verið mál manna að Úkraína eigi enn eftir að sanna sig á þessum sviðum meðal annars.

### Úkraína og ESB

Eins og hér er rakið hefur Úkraína átt í samskiptum við ríki Evrópusambandsins lengi og svo fór að Úkraínumenn fengu loks þann fríverslunarsamning sem þeir börðust svo hatrammlega fyrir í byltingunni. Nú á síðustu dögum hafa bæði Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, og Volodímír Selenskíj, forseti Úkraínu, lýst yfir sterkum vilja til að samningar náist um aðild Úkraínu að ESB.

### Næststærst í Evrópu

Úkraína er næststærsta land Evrópu að flatarmáli og sjöunda fjölmennasta land álfunnar með tæplega 44 milljónir íbúa. Höfuðborgin Kænugarður er fimmta stærsta höfuðborg álfunnar, fjölmennari en bæði París og Róm. Strandlengja landsins liggur að bæði Svartahafi og Asovshafi og landamæri að sjö ríkjum: Rússlandi, Hvíta-Rússlandi, Póllandi, Slóvakíu, Ungverjalandi, Rúmeníu og Moldóvu.

**125**

**Í heimildarmyndinni Winter on fire, sem er aðgengileg á Netflix og fjallar um úkraínsku byltinguna veturinn 2013 til 2014, er haft eftir mannréttindasamtökum að 125 manns hafi látist í byltingunni og að 65 manns sé enn saknað. Hátt á annað þúsund manns slösuðust.**




Taxfree* af öllum snyrtivörum
24. febrúar - 3. mars

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

**HAGKAUP**



# Þeir aflmeiri



**Björk Eiðsdóttir**
bjork
@frettabladid.is

Ætli einhver að eyða Rússlandi ber mér að bregðast við. Já, það verður hörmuleg ógæfa fyrir mannkynið. Hvers vegna þörfnumst við veraldar án Rússlands?“

Þessi ógnvænlegu orð lét Vladímír Pútín Rússlandsforseti falla í kjölfar þess að hann fyrirskipaði að kjarnorkusveitir hers hans settu sig í viðbragðsstöðu. Í sjónvarpsávarpi sínu, þegar hann tilkynnti um innrás hersins í Úkraínu í síðustu viku, hafði hann jafnframt sagt: „Ætli einhver utanaðkomandi að skipta sér af, mætir sá hinn sami afleiðingum verri en nokkurn tíma í sögunni.“

Við getum ekki annað en vonað að um innantómar hótanir sé að ræða enda kallar Pútín sjálfur sveitirnar fælingarsveitir og segir þær svar við árásargjarnri hegðun Vesturlanda. Staðreyndin er þó sú að árið 2022 stöndum við frammi fyrir ógninni af kjarnorkusprengju, raunverulegri ógn. Úkraína býr ekki yfir kjarnavopnum og því er ekki hægt að skilja orð Pútíns öðruvísi en sem hótun við vesturveldin.

Pútín hefur sýnt það og sannað að hann svífst einskis og telji alþjóðleg lög ekki eiga við um sig. Alþjóðlegir leiðtogar og samfélög hafa keppst við að fordæma framgöngu Rússa og gripið hefur verið til fordæmalausra refsiaðgerða. Innrásin í Úkraínu hefur nefnilega haft í för með sér samstöðu og breytingar sem hefðu þótt afar ólíklegar fyrir nokkrum dögum. Evrópusambandið hefur gripið til drastískra aðgerða og fjármagnar hergögn til Úkraínu. Þjóðverjar hafa aukið útgjöld sín til muna og veitt Úkraínu hergögn og það sama hafa Svíar gert. NATO-ríkin beggja vegna Atlantsála eru algerlega samstíga. Innrásin hefur því þjappað saman ríkjum sem áður voru ósamstíga, á meðan staða Pútíns veikist. Það vekur hjá manni von.

> Fyrir Íslendinga er full þátttaka í refsiaðgerðum og stuðningur við okkar helstu bandamenn í Bandaríkjunum, ESB og NATO sjálfsögð og nauðsynleg.

Sérfræðingar hérlendis og erlendis virðast á því að Pútín muni ekki beita kjarnorkuvopnum, með því tapi hann öllu. Hér sé aðeins um skilaboð að ræða. Hótun. Stríð er engu að síður staðreynd. Nú getum við bara vonað að skaðinn og mannfallið verði sem minnst. Að sem fæstir í Úkraínu og Rússlandi þurfi að syrgja ástvini í því hryllilega tilgangsleysi sem stríð er. Því styðjum við aðgerðir bandamanna okkar. Fyrir Íslendinga er full þátttaka í refsiaðgerðum og stuðningur við okkar helstu bandamenn í Bandaríkjunum, ESB og NATO sjálfsögð og nauðsynleg. Stríðsástand setur það í brennidepil sem þó er alltaf staðreynd: Að öryggi og tilvera smáríkja er háð því að fullveldi, landamæri og lögsaga þeirra sé virt af þeim sem aflmeiri eru. ■

**FRAMHALDS-AÐALFUNDUR**
**Hestamannafélagsins Fáks**

Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn
8. mars 2022 klukkan 20:00 í félagsheimili Fáks.

**Dagskrá:**
Kosning um lagabreytingar frá aðalfundi

Hvetjum alla félagsmenn til að mæta.
www.fakur.is

## Halldór



## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

**Smáatriðin**
Á meðan heimurinn er að farast eru íslenskir þingmenn að hugsa um smáatriði. Þingmenn Samfylkingarinnar velta því nú fyrir sér hvernig hægt er að sporna við mikilli bílaeign landsmanna og er víst von á ítarlegu svari ráðherra eftir dúk og disk. Og þingmenn Framsóknar eru engir eftirbátar í smáatriðunum og leggja til að Vínbúðir verði opnar á sunnudögum og öðrum helgum dögum Þjóðkirkjunnar svo þær veslist ekki upp í samkeppni við allar nýju vínsölurnar á netinu. Svo leggur Flokkur fólksins það til að umsókn Íslands um ESB-aðild verði dregin til baka. Eins gott að sú tillaga hafi nú loksins komið fram.

**Erfðaprinsinn**
Annars geta þingmenn farið að taka því enn þá rólegra á næstu vikum því að allur fókus landsmanna fer nú að fara á sveitarstjórnarfólkið hringinn í kringum landið sem keppir nú hvert við annað í alls konar prófkjörum og forvölum. Og úrslitin eru jafnan fréttnæm, svo sem úti á Nesi um nýliðna helgi þar sem sjálfur erfðaprinsinn kom, sá og sigraði með meira bravöri en bjartsýnustu stuðningsmenn þorðu að vona. Altso, Þór Sigurgeirsson er nýi oddvitinn, sonur Sigurgeirs heitins Sigurðssonar sem sat í bæjarstjórn Seltjarnarness í hartnær hálfa öld og var þar bæjarstjóri í nálega 30 ár. Nú er bara beðið eftir því að Þór verði föðurbetrungur. ■

# Þú ert eldri en þú heldur



**Halla Þorvaldsdóttir**
framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins

Okkur sem erum á miðjum aldri finnst mörgum að við séum síung og jafnvel í toppformi. Það taka örugglega margir undir. Okkur finnst jafnvel stutt síðan óþarft var að spenna beltin, alls staðar mátti reykja og við biðum spennt eftir næsta þætti af Dallas. Það er hins vegar staðreynd að það er orðið langt síðan. Þess vegna er mikilvægt að gefa heilsunni enn betur gaum. Sérstaklega ættu karlmenn í kringum fimmtugt og eldri að vera vakandi, því líkur á að greinast með krabbamein aukast með aldrinum.

Í Mottumars beinir Krabbameinsfélagið athyglinni að krabbameinum hjá körlum. Í ár höfum við enn meiri ástæðu en áður til að hvetja karla til að kynna sér möguleg einkenni krabbameina og bregðast við þeim. Að greina krabbamein snemma eykur batahorfur. Í Áttavitanum, rannsókn Krabbameinsfélagsins á reynslu fólks af því að greinast með krabbamein, kom nefnilega í ljós að karlmenn leita mun seinna en konur til læknis vegna einkenna sem síðar reyndust vegna krabbameina. Þessu viljum við breyta.

Því miður missum við árlega 320 feður, afa, bræður, syni og vini úr krabbameinum, þrátt fyrir að lífshorfur hafi batnað mikið.

> Því miður missum við árlega 320 feður, afa, bræður, syni og vini úr krabbameinum.

Í Mottumars hvetjum við karla til að kynna sér möguleg einkenni krabbameina: óvenjulegar blæðingar, þykkildi eða hnúta, óútskýrt þyngdartap, þrálátan hósta eða hæsi, langvarandi kyngingarerfiðleika, sár sem ekki gróa, breytingar á hægðum eða þvaglátum, nýja fæðingarbletti eða breytingar á blettum, langvarandi óþægindi frá meltingarvegi, óvenjulega þreytu eða viðvarandi verki. Ef einkenna verður vart er ráð að panta tíma hjá lækni og ekki bíða með það.

Mottumars er líka fjáröflun fyrir starfsemi Krabbameinsfélagsins, sem öll byggist á stuðningi einstaklinga og fyrirtækja í landinu. Mottumarssokkarnir, sem nú koma úr smiðju Farmers Market, hlýja okkur bæði á fótunum og í hjartanu. Fátt er betra en að leggja góðu málefni lið. Með kaupum á Mottumarssokkum tekur þú þátt í að fjármagna krabbameinsrannsóknir, ráðgjöf og stuðning, fræðslu og forvarnir.

Upp með sokkana – þú ert eldri en þú heldur. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



# Afturgöngur sögunnar



**Jón Baldvin Hannibalsson**
var utanríkisráðherra Íslands 1988-95

Má rekja neyðarástandið sem umlykur Úkraínu til sögulegra mistaka leiðtoga Vesturveldanna, þegar samið var við Gorbachev um endalok kalda stríðsins á árunum um og upp úr 1990?

**Marshalláætlun / Yavlinsky-program?**

Það varð snemma ljóst, að leiðtogar Vesturveldanna – sér í lagi Bush eldri, Bandaríkjaforseti – voru gersamlega óviðbúnir hruni Sovétríkjanna. Þeir brugðust við atburðum eftir á, en einatt of lítið – of seint. Sovétkerfið var ekki bara hugmyndalega, heldur efnahagslega, gjaldþrota. Undir lokin birtist Gorbachev okkur í hlutverki betlarans, sem sárbændi viðsemjendur sína um hjálp. Það sem hann fékk voru smáaurar, sem dugðu til að seðja sárasta hungrið. Það sem þurfti, til að bjarga málum, var massíf Marshall-áætlun, sambærileg að fjárhæð við áætlun Bandaríkjamanna eftir lok seinni heimsstyrjaldar, sem kennd er við Marshall og átti stóran þátt í að hraða endurreisn Evrópu úr rústum stríðsins.

Gorbachev hafði hvorki fjármuni né framkvæmanlegar hugmyndir um, hvernig umskiptin til markaðskerfis undir lýðræðislegri stjórn gætu átt sér stað. En slík áætlun var til í tæka tíð. Hún var kennd við úkraínska hagfræðinginn Yavlinsky. Það hefði tekið að lágmarki fimm ár og 150 milljarða Bandaríkjadala að hrinda henni í framkvæmd. Ekki til þess að sökkva peningum ofan í svarthol upplausnarinnar, heldur til að byggja traustar undirstöður lýðræðislegra stofnana, blandaðs hagkerfis og réttarríkis í Rússlandi. Það var þetta sem þurfti til að hjálpa Rússum til að sá fræjum lýðræðis og mannréttinda í rússneskum jarðvegi.

**Kjúklingaræðan**

Bush Bandaríkjaforseti og nánustu ráðgjafar hans höfðu á þessu engan skilning. Því til staðfestingar nægir að vitna til alræmdrar ræðu, sem hann flutti í þjóðþingi Úkraínu – Verkovna Rada – í Kyiv þann 1. ágúst, árið 1991. Hún var seinna uppnefnd: „Kjúklingaræðan“. Þetta gerðist þremur vikum áður en Úkraínumenn lýstu yfir sjálfstæði í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu, sem staðfesti yfirgnæfandi stuðning þjóðarinnar við þá ákvörðun. Nánar tiltekið 145 dögum, áður en Sovétríkin hrundu. Og hver var boðskapur leiðtoga lýðræðisríkjanna til Úkraínumanna? Því er fljótsvarað. Forsetinn skoraði á Úkraínumenn „að láta ekki ginnast af háskalegri (e. suicidal) öfgaþjóðernishyggju – heldur halda Sovétríkjunum saman – í nafni friðar og stöðugleika“.

Þetta hefði trúlega hljómað sem dásamleg tónlist í eyrum KGB-liðsforingjans, Vladimirs Putin, hefði hann verið meðal áheyrenda!

Með þessum orðum vísaði leiðtogi vestrænna lýðræðisríkja á bug hinu sögulega tækifæri, sem honum barst upp í hendur, að breyta gangi sögunnar fyrir komandi kynslóðir.

**Fordæmi Eystrasaltsþjóða**

Bæði leiðtogar Vesturlanda og stjórnmálaforysta hinnar nýfrjálsu Úkraínu hefðu getað lært mikið af fordæmi Eystrasaltsþjóða. Frá og með árinu 1991, þegar þau endurheimtu sjálfstæði sitt – á sama ári og Úkraína – var stjórnmálaforystan í Eystrasaltslöndum og allur almenningur á einu máli um markmiðið, sem stefna bæri að. Sameiginlegt markmið var að taka út tryggingu fyrir nýfengið sjálfstæði með því að ganga í NATO, svo fljótt sem auðið væri; og að sameinast þjóðafjölskyldu lýðræðisríkja Evrópu með því að ganga í Evrópusambandið.

Þetta tókst. Það skiptir nú sköpum. Það er þess vegna sem hernaðarvél kjarnorkuveldisins Rússlands staðnæmist við landamæri Eystrasaltsríkjanna.

> ”
> **Bæði leiðtogar Vesturlanda og stjórnmálaforysta hinnar nýfrjálsu Úkraínu hefðu getað lært mikið af fordæmi Eystrasaltsþjóða.**

**Lítil dæmisaga**

Sjálfur hef ég persónulega reynslu af því, að stjórnmálaforystan í Kyiv var ekki vandanum vaxin. Á árunum 1989-94 sömdu EFTA-ríkin við Evrópusambandið um stofnun hins evrópska efnahagssvæðis (EES). Flest þessara ríkja gátu ekki af ýmsum ástæðum gerst aðildarríki. En báðir aðilar höfðu gagnkvæma hagsmuni af aðild að innri markaði ESB með réttindum þess og skyldum. Sem utanríkisráðherra Íslands bar ég pólitíska ábyrgð á hlut Íslands í þessum samningum, auk þess sem ég var í forsæti fyrir EFTA-ríkin sem heild, þrisvar á samningsferlinu.

Þar sem Úkraína fullnægði engan veginn inngönguskilyrðum Evrópusambandsins, en hefði augljóslega styrkt stöðu sína verulega með aðild að innri markaði ESB, var það verðugt rannsóknarefni, hvort aðild Úkraínu að EES, væru raunhæfir kostir. Það hefði tryggt Úkraínu aðgang að innri markaði ESB – þar með töldu fjórfrelsinu- og það hefði hraðað umtalsvert samningaferlinu um fulla aðild. Athygli Kuchma, þáverandi forseta Úkraínu, var vakin á því, að þennan kost bæri að kanna til hlítar.

Það varð til þess, að Kuchma bauð mér til fundar í Kyiv árið 2004, ásamt með forsætisráðherranum, Yanucovich, og sérfræðingateymi þeirra í Evrópumálum. Fundurinn stóð í hálfan annan tíma. Niðurstaðan varð sú, að þrátt fyrir ýmsar torfærur, væri þetta engu að síður raunhæfur kostur, sem gæti styrkt stöðu Úkraínu umtalsvert. Þýðingarmikið skref í rétta átt. En svo leið tíminn. Stjórnvöld í Úkraínu aðhöfðust ekkert. Það var talað og talað, en ekkert aðhafst. Það sem vantaði var pólitísk forysta til að leiða málið til lykta. Auðvitað ber stjórnmálaforysta ESB sinn hluta af ábyrgðinni á því að hafa ekki rekið á eftir hlutunum í Kyiv . Eftir stendur, að sjálfs er höndin hollust.

**Hverra manna er hann?**

Erum við á ystu nöf þriðju heimsstyrjaldarinnar? Ekki enn, en Putin hefur sýnt það, að hann hikar ekki við valdbeitingu, ef hann er þess fullviss fyrirfram, að hann komist upp með það óskaddaður. Hann hefur gert það heima fyrir í Rússlandi með ofsóknum og morðum á pólitískum andstæðingum. Hann gerði það gegn Tsétsníu. Hann gerði það gegn Georgíu, bæði í Abkasíu og Suður-Ossetíu. Hann gerði það á Krímskaganum og hann gerði það í Donbas í Úkraínu. Og nú hefur hann lagt til atlögu við Úkraínu alla. Það sem hann aðhefst nú í Úkraínu er framhald langvarandi hernaðaraðgerða.

Hver er hann, þessi maður? Hann er fyrrverandi liðsforingi í KGB, sovésku leyniþjónustunni, sem á sér langan og hrottafenginn glæpaferil. Eftir honum er haft, að „fall Sovétríkjanna sé mesta sögulega slys 20stu aldarinnar“. Hann er nú alvaldur einræðisherra Rússlands. Og hann er heltekinn af einni óslökkvandi ástríðu: Að endurreisa rússneska nýlenduveldið og að kynda undir ótta og undirgefni við sovéska kjarnorkuveldið. Er hann vanmetinn? Augljóslega. Er hann óútreiknanlegur? Nei, reyndar ekki. Markmiðin eru þekkt. Og hann mun svífast einskis nema tilneyddur til annars. Það ætti að vera hlutverk rússnesku þjóðarinnar að steypa honum af stalli, áður en verra hlýst af. ■





Sealy **WASHINGTON**
heilsurúm með classic botni



**Virkilega vönduð dýna og hentar fólki á öllum aldri.**
Washington heilsudýnan er með einstaklega vönduðu, tvöföldu svæðaskiptu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri yfirdýnu sem færir þér enn meiri þægindi og stuðning við líkamann. Ótrúlega vönduð og góð dýna á frábæru verði.
Fæst í 160/180/200x200 og 180x210 cm.
Verðdæmi 160 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 269.900 kr. **Tilboð: 215.920 kr.**

Sealy **SEATTLE**
heilsurúm með classic botni



**Virkilega vönduð dýna.**
Millistíf heilsudýna með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Henni er skipt upp eftir svæðum þannig að það er meiri stuðningur þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Náttúrulegt Talalay latex í bland við mismunandi svamptegundir gefa henni gott loftflæði. Virkilega vönduð dýna sem hentar fólki á öllum aldri.
Fæst í 120/140/160/200 x 200 cm.
Verðdæmi 180 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 194.900 kr. **Tilboð: 155.920 kr.**

Sealy **PORTLAND**
heilsurúm með classic botni



**Gæði á góðu verði.**
Portland er með góðum og sterkum pokagormum og kantstyrkingum. Millistíf dýna með pillow top úr mismunandi stífum svamplögum og trefjalagi. Mýkt á móti stífum og góðum gormum. Mjúkt og gott bómullaráklæði sem andar einstaklega vel. Dýna sem hentar öllum sem vilja gæða vörumerki og vandaða vöru.
Fæst í 120/140/160/200 x 200 cm.
Verðdæmi 120 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 160.900 kr. **Tilboð: 128.720 kr.**

www.DORMA.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Svar Skotreynar við rangfærslum



**Lúther Ólason**
formaður Skotreynar

Þann 24. febrúar birtist grein eftir íbúa á Kjalarnesi, þar sem vegið er ósmekklega og ómaklega að SKOTREYN vegna skotsvæðis félagsins á Álfsnesi. Greinin er því miður uppfull af rangfærslum, staðreyndavillum og óhróðri. Hér verður því einungis stiklað á stóru.

Greinarhöfundar tala um fugla í útrýmingarhættu og láta að því liggja að starfsemi skotvallar sé að útrýma þeim tegundum. Á skotvelli Skotreynar, líkt og öllum öðrum skotvöllum skjótum við leirdúfur og það er engin skortur á þeim.

Í greininni er líka talað um blýbann við votlendissvæði sem Evrópusambandið hefur samþykkt. Það er alveg rétt, það bann tók hins vegar gildi 25. janúar á þessu ári, og aðildarlöndin hafa tvö ár, til 2024, til að innleiða það bann. Og að sjálfsögðu er það ekki afturvirkt. Skotreyn bannaði blý á skotsvæðinu fyrir 2019, enda lá það fyrir að notkun blýskota síðustu ár var lítil sem engin, einfaldlega vegna þess að stálskot eru bæði ódýrari og umhverfisvænni.

Ramsar-samningurinn er nefndur í greininni, en erfitt er að sjá samhengið. Ramsar-samningurinn nær til búsvæða og á Íslandi eru sex svæði skráð sem Ramsarsvæði: Andakíll, Grunnafjörður, Guðlaugstungur, Mývatn og Laxá, Snæfells- og Eyjabakkasvæðið og Þjórsárver. Öll þessi svæði eiga það sameiginlegt að vera að mestu óröskuð votlendissvæði ásamt því að vera mikilvæg búsvæði fuglastofna. Kollafjörðurinn er ekki þar á meðal og Álfsnesið er ekki þekkt fyrir óraskaða náttúru eða veðursæld. Þvert á móti þá var öllum úrgangi á Stór-Reykjavíkursvæðinu smurt yfir staðsetningu skotvallarins sem er nú starfandi á salmonellusmituðu og þungmálmamenguðu undirlagi ásamt óstaðsettum miltisbrandsgröfum. Þarna er framtíðarsvæði fyrir höfn og iðnaðarsvæði Reykjavíkur. Og þarna hreyfist lognið stundum (alltaf) svo hratt að það þurfti að sæta lagi til að mæla hávaða.

Nefndar eru ólöglegar veiðar á lunda á Kollafirði, en vandséð er hvað það kemur skotsvæði SKOTREYNAR við. Lundinn er jú ekki á skotsvæðinu. Síðan er látið að því liggja að þessi veiði hafi verið 30.000 lundar á árinu 2020. Árið 2020 var heildarveiðin allt í kringum Ísland um 30.000. Á árunum 1995-2000 var veiði á lunda um 300 þúsund fuglar árlega, og því er heildarveiði nú ekki nema 10% af því sem var.

Greinarhöfundar ýja að því að brostinn sé á mikill fólksflótti frá Kjalarnesi vegna mengunar og hávaða frá skotsvæðinu. Líklega er hann bara forsmekkurinn af því sem verður þegar höfnin og iðnaðarsvæðið, sem er á aðalskipulagi á Álfsnesi, verður komin í fulla starfsemi.

Í greininni er SKOTREYN sakað um að falsa gögn og haldið fram að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sem og borgaryfirvöld séu gjörspillt og eigi yfir höfði sér lögsókn vegna þeirra gjörða frá alþjóðastofnunum. Þarna tekur nú alveg steininn úr, þetta er að sjálfsögðu ekki svaravert og svona ummæli dæma sig sjálf, enda greinilegt að reiðin stýrir penna en ekki rök. SKOTREYN hefur engan áhuga á að elda grátt silfur við nágranna sína á Kjalarnesi og allra síst á svona nótum. SKOTREYN vill starfa í góðri sátt og hefur margnefnt það að í tengslum við Sundabraut skapist tækifæri til að snúa vellinum, byggja hljóðmanir og minnka þannig hljóð frá skotæfingum. Við þá framkvæmd þarf að færa til mikið efni sem hentar vel til þess og það er vilji SKOTREYNAR að nýta það tækifæri. ■

# Hljóð og mynd fer ekki saman



**Ólafur Stephensen**
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda




Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í borgarstjórn Reykjavíkur, ræddi í samtali við Fréttablaðið sl. fimmtudag þörfina á að koma betur til móts við atvinnulífið í borginni.

Dóra segir að borgarstjórnarmeirihlutinn viti af vantrausti og tortryggni fyrirtækjanna í borginni gagnvart borgaryfirvöldum og sé að bregðast við. „Við viljum vera með samkeppnishæft umhverfi og nærandi jarðveg fyrir blómlegt atvinnulíf og frjóa hugmyndaauðgi og nýsköpun," segir Dóra. Óhætt er að fagna þeirri stefnuyfirlýsingu.

Um leið og oddviti Pírata hefur þennan málflutning í frammi lýsir hún yfir eindregnum og áköfum stuðningi við tillögur umhverfisráðuneytisins um breytingar á hollustuháttareglugerð, í samtali við vef Fréttablaðsins nokkrum dögum fyrr. Í þeim tillögum er gert ráð fyrir að þar sem almenningur hefur aðgang að salernum, t.d. á veitingahúsum eða í verzlunarmiðstöðvum, skuli bjóða upp á einnota tíðavörur. Sömuleiðis að þar sem eru karla- og kvennaklósett, sem almenningur hefur aðgang að, skuli einnig vera salerni fyrir önnur kyn.

**Lagastoð finnst ekki**

Félag atvinnurekenda hefur bent á að þessar kvaðir geti reynzt kostnaðarsamar; annars vegar vegna innkaupa á vörum, sem eiga væntanlega að vera til ókeypis afnota fyrir gesti, og hins vegar vegna breytinga á húsnæði, sem geta orðið mjög dýrar. Fyrir slíkum íþyngjandi kvöðum verður að vera skýr lagastoð, en hún finnst ekki, jafnvel þótt Dóra Björt segi „mikilvægt að reglugerðir endurspegli lagaumhverfi". Í lögum um kynrænt sjálfstæði er þannig enginn áskilnaður um breytingar á húsnæði fyrirtækja.

Reglugerðardrögin eru alveg ljómandi gott dæmi um það hvers vegna fyrirtæki vantreysta stjórnvöldum. Settar eru fram tillögur um breytt regluverk án nokkurrar greiningar á afleiðingum þeirra fyrir atvinnulífið. Ótal dæmi eru um slíkt á undanförnum árum; að í þágu fallegra markmiða sé kostnaði bætt á fyrirtækin, oft án nokkurrar umræðu eða greiningar. Embættismenn sjá oft ekki út fyrir skrifstofuveggina og hafa jafnvel ekki hugmynd um að kvaðir, sem er bætt á atvinnulífið, hafi kostnað í för með sér af því að þeir hafa aldrei unnið annars staðar en hjá hinu opinbera.

> „Reglugerðardrögin eru alveg ljómandi gott dæmi um það hvers vegna fyrirtæki vantreysta stjórnvöldum.

Hjá borgarfulltrúanum fer ekki saman hljóð og mynd. Það fer ekki saman að ætla að skapa fyrirtækjum samkeppnishæft umhverfi og að bæta sífellt á þau kostnaði. Mörg fyrirtæki hafa, að íhuguðu máli, ákveðið að leggja í kostnað við að bjóða upp á tíðavörur á salernum eða gera breytingar á húsnæði til að bjóða upp á kynhlutlaus klósett. Það er þeirra val – stjórnvöld eiga ekki að skikka þau til að leggja í kostnaðinn sem slíku fylgir. ■

# Stjórnarskráin og stríðsmenn kindanna



**Kristín Magnúsdóttir**
lögfræðingur og landeigandi

Í ellefu aldir. Allt frá Grágás, sem var skrifuð á þjóðveldisöld, gilti sá réttur í landinu að landeigendur áttu rétt á friði fyrir ágangi annarra manna búfjár. Sá réttur gilti í landinu árið 1958 þegar Hermann Jónasson forsætisráðherra fékk Ólaf Jóhannesson, þá prófessor í lögum, til að gegna formennsku í nefnd er skyldi smíða lagafrumvarp er tæki til notkunar afrétta, upprekstrarréttar, fjallskila og ágangsfjár. Ítarleg vinna nefndarinnar varð uppistaðan í lögum nr. 42/1969, nú lög um afréttamálefni nr. 6/1986. Í þeim er hinum aldagamla rétti landeigenda, að hafa frið fyrir ágangi annarra manna búfjár, haldið til haga og heill kafli um úrræði landeigenda við ágangi. Þá er skaðabótaábyrgð eigenda búfjár á ágangstjónum viðhaldið.

**Öllu snúið á haus**

Í október 1999 skipaði Guðni Ágústsson, þá landbúnaðarráðherra, nefnd til að endurskoða lög um búfjárhald. Ráðherrann leitaði ekki langt yfir skammt eftir nefndarformanni, en starfsmaður ráðuneytisins var settur í verkið. Í frumvarpinu dúkkar upp stórundarleg grein. Fyrsti málsliðurinn er þannig:

Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð.

Greinin í heild tiltekur að landeigandi geti bannað búfé beit og umgang á landi sínu (eins og hann gæti það ekki áður) með því að girða það af með dýrheldri girðingu, fá girðinguna vottaða árlega af búnaðarsambandi, friðlýsa landið og láta sveitarstjórn auglýsa friðunina í Stjórnartíðindum! Með gagnályktun, má túlka greinina þannig að ef land sé ekki friðað eigi búfé þar umgangs- og beitarrétt.

**Launhelgi og leynimakk**

Ráðherrann nefndi gagnályktunina og nýjan beitarrétt kinda ekki einu orði í ítarlegri kynningu sinni á frumvarpinu á Alþingi. Frumvarpið gekk til landbúnaðarnefndar, undir formennsku Drífu Hjartardóttur. Nefndin gerði ekkert með athugasemdir við friðlýsingargreinina, m.a. frá samtökum sveitarfélaga, og líkt og ráðherrann, nefndi nýja beitarréttinn ekki stöku orði í áliti sínu. Nefndin, eins og ráðherrann, fór þó vel yfir fimm breytingar sem fælust í frumvarpinu, m.a. að upplýsingaöflun um uppskeru kartaflna yrði framvegis með breyttum hætti!



Vandlega var gætt að því að nefna hvergi að nýja lagagreinin gengi þvert á gildandi lög um afréttamálefni. Hvort nýr beitarréttur kinda í annarra manna heimalöndum bryti eignarréttarákvæði Stjórnarskrárinnar, eða ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, var allt í senn látið liggja í láginni, á milli hluta og í þagnargildi. Frumvarpið var samþykkt samhljóða á Alþingi sem lög um búfjárhald nr. 103/2002.

**Stjórnsýslan túlkar ólögin**

Sveitarstjórnarráðuneyti Sigurðar Inga Jóhannssonar úrskurðaði sl. sumar að ef bújörð er ekki friðuð eftir kúnstarinnar reglum, og friðlýsingin auglýst í Stjórnartíðindum, er bóndinn ekki þess umkominn að banna kindum á flækingi umgang og beit á jörðinni. Ekkert heimaland hefur verið friðlýst á Íslandi og því eiga flækingskindur nú beitarrétt í nánast öllum heimalöndum Íslands. Vitaskuld ber enginn ábyrgð á tjóninu sem ágangsféð veldur, enda komið með umgangs- og beitarrétt.

> „Hin ofsafengna umhyggja sumra stjórnmálamanna fyrir réttindum sauðfjár verður helst líkt við einhvers konar tilbeiðslu eða trúarofstæki.

**Afréttir teygðir yfir allt landið**

Eins og margir þekkja þá hefur ágangur úr afréttum í heimalönd verið vandamál í sveitum frá því að land byggðist og ýmis úrræði staðið þeim til boða sem búa slík lönd. Það ellefu alda vandamál er nú alfarið úr sögunni, því kindurnar á afréttinum hafa fengið umgangs- og beitarrétt í löndunum sem liggja að honum! Ef marka má ítarlegt álit sveitarstjórnarráðuneytisins, þá teygði nýja lagagreinin afrétti kinda yfir heima- og eignarlönd í sveitum, þar sem vörsluskyldu kinda er ekki krafist. Það eru nánast allar sveitir landsins.

**Ofstæki**

Hin ofsafengna umhyggja sumra stjórnmálamanna fyrir réttindum sauðfjár verður helst líkt við einhvers konar tilbeiðslu eða trúarofstæki. Að þeim hafi tekist að lauma í lög að sauðfé eigi beitarrétt í annarra manna heimalöndum sýnir að í engu er skirrst við að skófla til helgidómsins eignum, réttindum og störfum annarra. Virðing Alþingis. Það er löngu tímabært fyrir Alþingi þjóðarinnar að taka rækilega til í þessum málaflokki. Þar þarf ótal margt að laga. Ef það bregst, skal því spáð að dómstóll muni kveða upp úr með að elsta starfandi löggjafarþing veraldar hafi brotið á enn eldri og friðhelgum eignarrétti þúsunda þegna sinna. Það hafi það gert í þágu ferðaréttinda sauðfjár á flækingi. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 1. mars 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is




ÚTKALL
HEFST 8. MARS KL. 19.30

Í þáttunum fer höfundur yfir bækur sínar og fær til sín góða gesti sem hafa tengingu við eða upplifðu slysin sem um verður fjallað í hverjum þætti.

SJÓVÁ
olís
SVN



Eftir mörg og reynslumikil sjómannsár ákvað Óttar Sveinsson að leggja fyrir sig blaðamennsku. Þar kviknaði áhugi hans á útköllum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Sektarkenndin oft sameiginleg

Rithöfundurinn Óttar Sveinsson kallar sig stundum Útkallinn enda skrifað 28 bækur um útköll á Íslandi. Í mars byrjar hann með þættina Útkall á sjónvarpsstöðinni Hringbraut. 2



**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg
@frettabladid.is



Það voru þyrlur og þyrlusveit Landhelgisgæslunnar sem urðu til þess að Óttar ákvað að skrifa fyrstu bókina um björgunarafrek hennar. Síðan hafa bæst við 27 bækur um stórbrotin útköll til björgunar á sjó, landi og í lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

„Mér finnst gjarnan þrennt einkenna fólk sem hefur lent í lífsháska. Það hefur ríka þörf til að tjá sig um lífsreynsluna, fá hjálp til að vinna úr henni og halda áfram með lífið. Í öðru lagi er það stundum haldið sektarkennd yfir því að hafa komist af þegar annar deyr; ekki síst þegar fáir komast lífs af úr slysi. Það þriðja er óendanlegt þakklæti til björgunarfólksins sem náði að koma til bjargar. Þar myndast tengslabönd sem vara út lífið, enda verður lífgjöf seint fullþökkuð, bæði þeim sem lifir af og þeim sem bjargar,“ segir Óttar Sveinsson, höfundur bókaflokksins vinsæla Útkalls.

Óttar hefur sjálfur aldrei verið í björgunarsveit.

„Mín köllun hefur verið að segja frá mörgum af þessum stórbrotnu útköllum,“ segir Óttar. „Það hefur verið gefandi að skrifa um björgunarsögu þjóðarinnar og gefa fólki tækifæri til að tjá sig, en líka að verða þess áskynja, þegar bækurnar koma út, hversu þeir sem tóku þátt í þeim eru stoltir af því að búið sé að skrásetja sögu þeirra og finnst gott að fá tækifæri til að tjá sig – í raun opna á áföllin.“

**Þetta erum bara við – litla íslenska þjóðin. Það geta allir lent í hamförum eða hremmingum og þjóðin tekur þátt í að hjálpa, eins og stór og samheldin fjölskylda.**

### Spenna og adrenalín

Þegar Óttar varð stúdent hafði hann komið tuttugu sinnum til Hamborgar og Bretlands sem farmaður á millilandaskipum.

„Ég flutti svo til Svíþjóðar og þar á eftir til Danmerkur þar sem ég vann við ýmis störf. Eftir það hélt ég áfram að sigla og var áður en yfir lauk búinn að fara samtals sextíu ferðir yfir Atlantshafið í öllum veðrum og árstíðum, lenti eitt sinn í strandi og var orðinn ágætlega reyndur sjómaður sem hafði lent í ýmsu. Þegar ég kom í land spurði ég Ellert Schram, þáverandi ritstjóra DV, hvort ég mætti koma í vinnu til hans, maður sem kunni lítið sem ekkert að skrifa. Þeim Ellerti og Jónasi Kristjánssyni, mínum gömlu ritstjórum, þótti ég hafa fengið reynslu erlendis og svo í sjómennsku. Hún kom mér til góða bæði í blaðamennskunni og bókaskriftunum. Þegar sjómenn heyra að vanur maður spyr, sá sem veit hvað stjórnborði og bakborði er, pus eða að liggja undir áföllum, sem almenningur er ekki eins með á hreinu – þá fær maður traust hjá viðmælendunum,“ segir Óttar.

Á DV segist Óttar hafa borið gæfu til að fara fyrst í lögreglu- og slysafréttir. Það uppeldi hafi leitt af sér hátt í þrjátíu ára þróunarstarf við Útkallsbækurnar.

„Ég mætti kannski til vinnu klukkan átta að morgni og fréttastjórinn tók í öxlina á mér og sagði: „Það fórst bátur við Grindavík í nótt og þyrlan bjargaði áhöfninni á síðustu stundu. Þú þarft að ná í skipstjórann og þyrluflugmanninn í snatri og skila fréttinni innan klukkutíma.“ Spennan og adrenalínið sem fer af stað við slíkar aðstæður er mikið, og í blaðamennskunni vandist ég því að tala við fólk eftir erfiðar aðstæður og sárar upplifanir. Það var erfitt í fyrstu, en svo fór mig að þyrsta í sögur og fór að skrifa um stærri atburði þar sem sagt var frá öllum hliðum.“

### Mannlegt drama og barátta

Fyrsta bók Óttars kom út árið 1994: Útkall Alfa TF-SIF um ýmis björgunarafrek þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar.

„Ég hafði verið í sambandi við þyrlusveitina og þótti spennandi að skrifa um hana bók. Þegar föðurbróðir minn, Örlygur Hálfdánarson bókaútgefandi hjá Erni og Örlygi, las handritið yfir sagðist hann viss um að fyrir mér lægi bókaflokkur sem teldi fleiri bækur en Þrautgóðir á raunastund, sem hann gaf út sjálfur. Ég spurði hversu margar þær væru og hann sagði nítján. Ég hló við og fannst það fjarstæða – var ekki einu sinni farinn að hugsa um að skrifa aðra bók. En nú eru bækurnar orðnar 28 talsins. Fyrsta bókin gekk virkilega vel og í kjölfarið kom sjónvarpsfólk frá Hollywood til að kvikmynda næstu bók, um björgun vélsleðafólks á Snæfellsjökli sem fallið hafði í hyldjúpa jökulsprungu, fyrir sjónvarpsþáttinn Rescue 911. Þátturinn var sýndur í 40 löndum og boltinn byrjaði að rúlla,“ upplýsir Óttar.

Hann segir efniviðinn óþrjótandi og er ekki hættur.

„Bækurnar fjalla um mannlegt drama þjóðar sem er í stöðugri baráttu við náttúruöflin; fólk sem hefur lent í sjóslysum, sprungubjörgunum, snjóflóðum, eldgosum, flugslysum og óblíðri veðráttu. Íslenska þjóðin hefur svo yfir að ráða miklum hetjum sem sinna stöðugt einstökum björgunarstörfum á sjó, landi og í lofti. Þetta er minn efniviður.“

### Stór og samheldin fjölskylda

Sjálfboðaliðastarf íslenskra björgunarsveita er einstakt á heimsvísu.

„Ég held að það komi til vegna þess að þjóðin hefur þurft á björgunarstarfi að halda, ekki síst við strendur Íslands – líf okkar hefur í gegnum tíðina snúist um sjómennsku og fisk. Á síðustu öld fórust 5.000 íslenskir sjómenn og þegar fyrstu slysavarnarfélögin voru stofnuð var það í kringum sjóbjarganir,“ útskýrir Óttar.

„Ég kynntist þessu líka vel þegar ég skrifaði þrjár bækur um starf þyrlusveitanna, sem og óþrjótandi efnivið um Slysavarnafélagið Landsbjörg og þær þúsundir karla og kvenna sem eru reiðubúnar að fara í útkall hvenær sem er og í veðrum sem allur almenningur lokar sig inni í. Ástæðan er eflaust sú sem ég hef heyrt hjá mörgu björgunarfólki: að lífsbjörg fylgi einstök og ólýsanleg tilfinning. Ég held að allir sem fara í björgunarstörf hafi löngun til að gera heiminn að betri stað, koma til bjargar og láta gott af sér leiða,“ segir Óttar.

Hann heldur áfram:

„Við Íslendingar erum lítil þjóð sem þekkist vel og tengjumst öll með einhverjum hætti. Því þykir sjálfsagt að fara út til leitar að fólki og bjarga því. Við erum eins og ein stór fjölskylda sem stendur gríðarlega vel við bakið hvert á öðru þegar gefur á bátinn. Eldgosið á Heimaey og snjóflóðin í Neskaupstað, Súðavík og á Flateyri eru þar góð dæmi. Þetta er grunnurinn að okkar einstaka sjálfboðastarfi og þegar ég hef kynnt bækurnar mínar erlendis hefur fólk hváð í undrun þegar ég segi íslenska björgunarfólkið vera í sjálfboðavinnu: eljan og dugnaðurinn vekur mikla athygli út fyrir landsteinana.“

### Heiðraður af Landsbjörg

Allt frá fyrstu bók Óttars hefur Útkall setið á listum yfir söluhæstu bækurnar og þær verið þýddar á erlend tungumál. Aðspurður segist Óttar telja að vinsældirnar stafi af því að þessi útköll og atburðir hafa sterka skírskotun til þjóðarinnar og þjóðarsálarinnar.

„Þetta eru einlægar frásagnir þeirra sem lenda í atburðunum og það hreyfir við lesendum. Það er sárt að lesa um þjáningar þeirra og fara yfir söguna en í endann reynum við að byggja upp von og trú, og halda áfram með lífið, þrátt fyrir allt. Þeir sem segja frá eru alþýðufólk og mikið er fjallað um tilfinningar, nokkuð sem fólk tengir sterkt við. Þetta erum bara við – litla íslenska þjóðin. Það geta allir lent í hamförum eða hremmingum og þjóðin tekur þátt í að hjálpa eins og stór og samheldin fjölskylda,“ segir Óttar.

Hann segir mikilvægt að skrásetja þessa atburði svo þeir falli ekki í gleymskunnar dá.

„Þetta eru jú heimildir. Frásagnirnar eru flestar átakanlegar en ég hef einhvern veginn náð að halda aftur af mér og beygja ekki af í viðtölum. Mikilvægast finnst mér að sýna hluttekningu og virðingu, og að hafa rétt eftir viðmælendum mínum og fá þá til að lesa yfir, líka það sem hinir segja frá í sama atburði, því þá verður heildarmyndin réttust.“

Nýlega heiðraði Slysavarnafélagið Landsbjörg Óttar fyrir ómetanlegt framlag til björgunarsögu Íslendinga. „Sá heiður fær tárin til að trítla hjá mér. Ég er óskaplega stoltur og glaður,“ segir Óttar.

Langflestir sem hann leitar til við skrif Útkallanna eru tilbúnir til að bregðast við.

„Það er vegna þess að allir hafa þörf fyrir að opna á áföll sín og tala um þau. Þegar ég skrifaði bók um snjóflóðið í Neskaupstað 1974 voru enn 23 ár í að orðið áfallahjálp yrði til í íslensku máli. Fólk talaði helst ekki um áföll þá, jafnvel þótt margir færust og misstu ástvini. Svo kemur karl úr Reykjavík, 38 árum síðar, til að skrifa um atburðinn og þá opnast á allan tilfinningaskalann. Fólk grætur og segir sína sögu, eftir að hafa burðast með innibyrgða þörf til að tjá sig um atburð og sorg sem varð þess valdandi að það missti móður sína, föður, barn, systkin eða vin. Því hafa allir mínir viðmælendur verið einlægir og opinskáir, og þegar þeir lesa það sem hinir segja í bókinni, felst í því ákveðin heilun og áfallahjálp. Því hjálpar til þegar einhver kemur og spyr, eins og ég hef gert fyrir Útköllin,“ segir Óttar.

### Sögur lifna við á Hringbraut

Óttar er kátur þessa dagana, enda kominn í faðm margs af sínu fyrrverandi samstarfsfólki á DV, en nú á Torgi sem rekur Fréttablaðið, DV og Hringbraut, þar sem hann verður með Útkall, vikulega sjónvarpsþætti fram til vors.

„Fyrsti þátturinn verður sýndur 8. mars. Hann verður um afrek sigmanns Landhelgisgæslunnar sem seig niður og bjargaði áhöfn Vikartinds sem strandaði í mars 1997. Fjórum dögum seinna seig hann niður og bjargaði áhöfn Dísarfellsins úr öldum Atlantshafsins,“ segir Óttar sem hlakkar til að vinna að þáttunum á Hringbraut.

„Það er áskorun að tala við söguhetjurnar mínar í hálftíma þætti með myndefni, en framleiðslan er metnaðarfull og skemmtileg hjá Hringbraut og gaman að vinna með fólkinu á Torginu.“

Margar Útkalls-bókanna eiga stóran stað í hjarta Óttars.

„Árásin á Goðafoss er mér einna hjartfólgnust – það var Bubbi Morthens sem hvatti mig til að skrifa þá sögu. Árásin var gerð í sjónlínu frá Reykjavík 1944 en í Frankfurt árið 2011, þegar bókin kom út á þýsku, leiddi ég saman einn úr áhöfn Goðafoss og annan úr áhöfn þýska kafbátsins sem skaut skipið niður. Þetta var tilfinningaþrungin stund. Bækurnar um snjóflóðið í Neskaupstað og eldgosið í Eyjum standa líka hjarta mínu nær. Mér þykir líka óendanlega vænt um fyrstu bókina, Útkall Alfa TF-SIF, og flugstjórarana þrjá í þyrlusveitinni. Ég lít á þá sem guðfeður Útkallsins, þeir ruddu brautina með mér og höfðu strax trú á mér,“ segir Óttar.

**Svo kemur karl úr Reykjavík, 38 árum síðar, til að skrifa um atburðinn og þá opnast á allan tilfinningaskalann.**

Hann er að byrja á næstu bók og segir lesendur sína eiga von á nýju Útkalli fyrir næstu jól. „Ég plana árið sjaldnast fram í tímann. Þetta kemur bara til mín einhvern veginn. Ég hef stundum verið byrjaður á sögu, eins og sjóslysasögu, þegar fór að gjósa í Eyjafjallajökli og ákvað þá að gera hana seinna og fara inn í öskuskýið undir Fjöllunum. Þar talaði ég við þá sem lentu í hamförunum og finnst áskorun að vera á vettvangi atburðanna. Ég er þakklátur fyrir hversu vel mér er alltaf tekið. Fólk kannast við verkin mín, sem er ekki verra; það vinnur með mér hve margir hafa lesið bækurnar. En saman – litla þjóðin – sköpum við söguna okkar.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

9. TBL. 1. MARS 2022 FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS




Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is



**Ingólfur Geir Gissurarson** Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali, leigumiðlari **896 5222** ingolfur@valholl.is

**Heiðar Friðjónsson** Sölustjóri, löggiltur fasteignasali B.Sc **693 3356** heidar@valholl.is

**Hildur Harðardóttir** Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali, skjalagerð. **897 1339** hildur@valholl.is

**Snorri Snorrason** Löggiltur fasteignasali **895 2115** snorri@valholl.is

**Hólmfríður Björgvinsdóttir** Ritari ritari@valholl.is **588 4477** holmfridur@valholl.is



**Hrafnhildur B. Baldursdóttir** Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði. **862 1110** hrafnhildur@valholl.is

**Pétur SteinarJóhannsson** Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi **893 4718** petur@valholl.is

**Anna F. Gunnarsdóttir** Löggiltur fasteignasali Lista og innanhús stílisti **892 8778** anna@valholl.is

**Sturla Pétursson** Löggiltur fasteignasali **899 9083** sturla@valholl.is

**Elín Viðarsdóttir** Löggiltur fasteignasali **695 8905** elin@valholl.is

Framúrskarandi fyrirtæki

*Fagleg þjónusta*
*Vönduð vinnubrögð*

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

**Háholt 14, Mosfellsbær**
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

BERG FASTEIGNASALA



**Pétur Pétursson** lögg. fasteignasali petur@berg.is s. 897-0047

**Davíð Ólafsson** lögg. fasteignasali david@berg.is s. 766-6633

**Brynjólfur Jónsson** lögg. fasteignasali brynjolfur@berg.is s. 898-9791

Traust þjónusta - mikil sala

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**
**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Lítið fjölbýli með 15 íbúðum sem nú eru til sölu hjá Heimili fasteignasölu.

# Glæsilegar íbúðir í Urriðaholti

Heimili fasteignasala kynnir til sölu glæsilegar nýjar íbúðir við Hraungötu 15-17 í Urriðaholti í Garðabæ.

Urriðaholt er einstaklega vel staðsett hverfi þar sem náttúran umlykur það á þrjá vegu. Frábær útivistarsvæði og golfvellir í göngufæri ásamt barnvænum leiksvæðum. Stutt er í úrval verslana og þjónustu í Kauptúni. Skipulag Urriðaholts hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir gott samspil við náttúruna þar sem áhersla á lífsgæði er í fyrirrúmi

Húsið er 15 íbúða vandað fjölbýlishús, hannað af Kristni Ragnarssyni arkitekt, KRark. Allar íbúðir eru með svölum eða verönd og margar með fallegu útsýni. Þær eru afhentar fullbúnar, en án gólfefna nema á votrýmum. Frístandandi sér loftræsting fyrir allar íbúðir sem eykur mjög lífsgæði. Bílastæðakjallari er undir húsinu og fylgir flestum íbúðunum sér stæði. Sameiginleg bílastæði á lóðinni. Einnig er sameiginleg hjólageymsla.

Eldhúsinnrétting er sérsmíðuð af vandaðri gerð frá Axis ásamt vaski og Grohe blöndunartækjum frá Byko. Helluborð, blástursofn og gufugleypir eru af gerðinni AEG frá Ormsson. Allir fataskápar og baðinnréttingar eru sérsmíðaðar frá Axis. Innfelld LED lýsing í loftum. Baðherbergi og þvottahús



Eldhúsinnrétting og aðrar innréttingar eru frá Axis.



Íbúðirnar eru fallegar og vel búnar með vönduðum innréttingum.

**14.25 Heimsleikar Special Olympics**
**15.00 89 á stöðinni**
**15.20 Smíðað með Óskari**
**15.25 Lífsins lystisemdir**
**15.55 Kiljan**
**16.35 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**16.50 Menningarvikan**
**17.05 Íslendingar**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Krakkar í nærmynd**
**18.17 Strandverðirnir**
**18.28 Þorri og Þura - vinir í raun**
**18.39 Matargat**
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Lag dagsins**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Kveikur**
**20.45 Rökstólar** Stuttir sænskir þættir um ólíkar skoðanir fólks á hinum ýmsu málefnum. Hvað gerist þegar tvær manneskjur hittast og rökræða það sem þær eru ósammála um? Læra þær að skilja hvor aðra betur?
**21.05 Síðasta konungsríkið**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Rauðir skuggar**
**23.10 Griðastaður** Spennuþáttaröð um tvíburasysturnar Siri og Helenu sem voru skildar að í æsku. Mörgum árum síðar býður Helena Siri að heimsækja sig á setrið Himmelstal í Ölpunum. Ekki er allt sem sýnist og breytist dvölin fljótt í martröð.
**23.55 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**06.00 Tónlist**
**12.30 Dr. Phil**
**13.11 The Late Late Show with James Corden**
**13.51 The Block**
**14.38 Celebrity Best Home Cook**
**15.37 Survivor**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show with James Corden**
**19.10 The Block**
**20.10 Ordinary Joe**
**21.00 FBI**
**21.50 FBI: Most Wanted**
**22.40 Why Women Kill**
**23.30 The Late Late Show with James Corden**
**00.15 Dexter**
**01.05 Chicago Med**
**01.50 Station 19**
**02.35 The Great**
**03.25 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 The O.C.**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Britain's Got Talent**
**10.35 Britain's Got Talent**
**10.55 Jamie's Easy Meals for Every Day**
**11.20 Call Me Kat**
**11.40 Queen Sugar**
**12.20 30 Rock**
**12.40 Nágrannar**
**14.35 Daisy Maskell: Insomnia and Me**
**15.35 Heimsókn**
**16.00 The Heart Guy**
**16.45 The Heart Guy**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**17.55 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Shark Tank**
**19.50 Hell´s Kitchen USA**
**20.40 B Positive**
**21.00 Conjoined Twins**
**21.50 Magnum P.I.**
**22.30 Last Week Tonight with John Oliver**
**23.05 Cold Case**
**23.50 Cold Case**
**00.35 Coroner**
**01.20 The Unusual Suspects**
**02.15 Supernatural**
**02.55 The O.C.**
**03.35 Call Me Kat**
**04.00 Manifest** Þriðja þáttaröð þessara dularfullu spennuþátta. Farþegarnir reyna að komast að því hvað kom fyrir þau í flugi 828.

## Írönsk matarveisla í þætti Sjafnar Þórðar



Það er hætt við að áhorfendur sleiki út um þegar þátturinn Matur og heimili birtist landsmönnum á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í kvöld, en þar opnar Karen Elísabet Halldórsdóttir, formaður menningarnefndar Kópavogs, eldhúsið sitt þar sem íranska parið Mohammad Amiri og Parizad Sedigh matreiðir íranska matarveislu og ræðir um galdrana á bak við hana. ■

## Krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**
**1** tungumál
**5** draup
**6** í röð
**8** frétta
**10** tveir eins
**11** leturtákn
**12** bithagi
**13** kríki
**15** dysjar
**17** afhenda

**LÓÐRÉTT**
**1** planta
**2** kropp
**3** gerast
**4** tormerki
**7** meðhöndla
**9** aðalsmaður
**12** spýtnarusl
**14** tímabils
**16** sýl

**LÁRÉTT: 1** enska, 5 lak, 6 gh, 8 fregna, 10 tt, 11 rún, 12 beit, 13 nári, 15 grafar, 17 skila.
**LÓÐRÉTT: 1** elfting, 2 nart, 3 ske, 4 agnúi, 7 hantera, 9 greifi, 12 brak, 14 árs, 16 al.

## Skák

Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Aljechin átti leik gegn Weil í Lublin árið 1942.

**1...Rd4! 2.exd4 Hc2 3.Rc4 Hxa2 4. Db1 Ha1 0-1.**

Vignir Vatnar Stefánsson náði í sinn áfanga að stórmeistaratitli í Serbíu um helgina. Vigni vantar nú bara einn stórmeistaraáfanga til viðbótar. Á morgun hefjast öðlinga (+40) og yrðlingamót TR (u40). Mótin eru öllum opin.

**www.skak.is:** Mót í Kragerö.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 4 | | 1 | | 9 | 7 |
| | 7 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| | 2 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 8 | |
| 9 | | | 7 | | | | 6 | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | 8 | | | 7 | 4 | |
| 1 | | | 6 | 2 | 4 | 3 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 8 | | | 9 | 1 | |
| | | 1 | 6 | | | | 4 | 3 |
| | 5 | | | 2 | | 6 | | |
| 4 | | 6 | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | | 9 | 3 | | | 5 | |
| | 4 | | | 5 | 7 | | 8 | |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli





# FERMINGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna kemur út **föstudaginn 11. mars.**

**Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.**



**Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:**

**Jón Ívar Vilhelmsson**
Sími 550 5654
jonivar@frettabladid.is

**Arnar Magnússon**
Sími 550 5652
arnarm@frettabladid.is

**Jóhann Waage**
Sími: 550-5656
johannwaage@frettabladid.is

**Ruth Bergsdóttir**
Sími 694 4103
ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




# ÚTKALL

## HEFST 8. MARS KL. 19.30

Í þáttunum fer höfundur yfir bækur sínar og fær til sín góða gesti sem hafa tengingu við eða upplifðu slysin sem um verður fjallað í hverjum þætti.

SVN olís SJÓVÁ

# Á ferð um land og þjóð, föst í öðrum gír

LEIKHÚS

**Tu jest za drogo / Úff hvað allt er dýrt hérna**
**eftir Ólaf Ásgeirsson**
**Borgarleikhúsið í samstarfi við leikhópinn PóliS**
**Leikarar:** Aleksandra Skolozynska, Jakub Ziemann, Ólafur Ásgeirsson, Sylwia Zajkowska og Andrés P. Þorvaldsson
**Leikstjórn:** Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir
**Tónlist:** Unnsteinn Manuel Stefánsson
**Leikmynd og búningar:** Wiola Ujazdowska
**Lýsing:** Fjölnir Gíslason
**Framkvæmdastjórn og aðstoðarleikstjórn:** Hjalti Vigfússon
**Textun:** Szymon Keler
**Sviðshreyfingar:** Cameron Corbett
*Sýningin er að mestu á pólsku en einnig á íslensku og ensku*

Sigríður Jónsdóttir



Sýningin er á pólsku en áhorfendur fá smáforrit í snjallsímann sinn. MYND/AÐSEND

Leikhópurinn PóliS er mættur aftur á svæðið, stærri en áður og nú í Borgarleikhúsinu, en hópurinn samanstendur af pólsku og íslensku listafólki sem skoðar og sviðsetur reynsluheim pólskra innflytjenda á Íslandi. Sýningin Úff hvað allt er dýrt hérna umhverfist um ferðalag ungs pólsks pars frá Póllandi til Eski (Eskifjarðar) í von um skjótan gróða á meðan þau skipuleggja brúðkaupið sitt. Á leið sinni hitta þau kynlega kvisti, bæði pólska og íslenska, og reka sig reglulega á hversu dýrt allt er á Íslandi.

Fáein praktískt atriði áður en haldið er áfram. Þar sem sýningin fer fram á pólsku er mikilvægt að ná í smáforritið THEA í snjallsíma áður en haldið er inn í sal. Borgarleikhúsið sendir greinargóðar upplýsingar til miðahafa á sýningardeginum um hvernig skal tengjast forritinu. Að sjá sýningu á öðru tungumáli en íslensku er kærkomin breyting og opnar fyrir ótal spennandi möguleika í framtíðinni.

**Sundurslitið grín**

Ólafur Ásgeirsson semur handritið, væntanlega með innleggi frá pólska listafólkinu. Hér er á ferðinni eins konar sjálfstætt framhald af fyrri sýningu leikhópsins Úff hvað þetta er slæm hugmynd sem sýnd var fyrir ári síðan. Það er svo sannarlega innistæða til að gera stólpagrín að staðarháttum, hefðum og hegðun Íslendinga. Glöggt er gests augað. Pylsur í franskbrauði, lakkrís í öllu sælgæti og hversdagslegir fordómar í garð útlendinga, nóg af þeim. Málið er að tækifærunum til að kafa ofan í efnið er alltof oft sólundað fyrir sundurslitið grín í staðinn fyrir að taka málefnið föstum tökum.

Unga parið, Nadzieja og Eugeniusz, leika Aleksandra Skolozynska og Jakub Ziemann en þau tóku einmitt líka þátt í fyrri sýningu leikhópsins. Sambandið þeirra á milli er gott og nærvera þeirra á sviði ljúf en áhugavert væri að sjá þau takast á við karaktera sem geyma meiri dýpt. Auðvitað er Tu jest za drogo grínsýning en áhorfendur ná ekki að kynnast þeim nægilega vel.

**Misvel heppnað**

Ólafur skrifar ekki einungis handritið heldur leikur einnig fjölmörg hlutverk í sýningunni, að mestu á pólsku. Karakterarnir eru þó misvel heppnaðir, þá sérstaklega leikarinn Ólafur Hvanndal sem situr illa í sýningunni og tekur of mikið pláss. Uppistandarinn Kata aftur á móti er frábær. Uppfull af fordómum og forréttindum án þess að hafa hugmynd um það. Hlutverk Ólafs skila sér best þegar þau eru í menningarlegu mótvægi við Aleksöndru og Jakub en ekki yfirþyrmandi.

Þrenningunni til aðstoðar eru Sylwia Zajkowska og Andrés P. Þorvaldsson sem bregða sér í hlutverk flugþjóna og eru virkilega skemmtileg. Þau koma sýningunni af stað og leika önnur smærri hlutverk. En eina manneskju verður að ræða líka. Ef áhorfendur sáu fyrri sýningu hópsins þá þekkja þau svo sannarlega Agniezsku í Landsbankanum, líkt og allir Pólverjar á landinu að svo virðist. Hún kemur fyrir í litlu hlutverki sem mætti svo sannarlega vera stærra.

**Of lengi í gang**

Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir snýr aftur til að leikstýra PóliS en líkt og með handritið hefur lítið breyst frá fyrri sýningu hópsins. Tu jest za drogo er of lengi í gang, skerpa þarf á einstaka atriðum og senuskipti taka of langan tíma. Leikhópurinn fær tónlistina úr bestu átt þar sem Unnsteinn Manuel Stefánsson er við stjórnvölinn. Erfiðara er að skilja ákveðna tónlistartengda brandara eins og Drogostea Din Tei betur þekkt sem Numa Numa lagið úr Eurovision og hið ítalska Parole parole. Útvarpsgrínið virkar hins vegar eins og í sögu. Búningar og leikmynd Wiola Ujazdowska eru kannski með einfaldara móti en búningur Kötu hittir í mark sem og Skógafoss sem er mikilfenglegur og niðurdrepandi í senn. Cameron Corbett sér um sviðshreyfingarnar sem eru eins konar blanda af miðaldra partísporum, dragi og Eurovision, frábært innlegg.

Á þessum síðustu og skelfilegustu tímum í Evrópu er samstaða og sameiginlegur skilningur á milli þjóða, samfélaga og einstaklinga af mismunandi uppruna ekki bara nauðsynlegur heldur lífsnauðsynlegur. Það var áhrifamikið að sjá Sylwiu og Andrés bera barmmerki úkraínska fánans á brjósti sér þegar tekið var á móti áhorfendum inni í sal og enn þá áhrifameira að sjá hópinn halda úkraínska fánanum á lofti í lok sýningar. Tu jezt za drogo er ekki gallalaus en langt ferðalag byrjar með fyrstu skrefunum sem PóliS er svo sannarlega að taka. ■

> Tu jezt za drogo er ekki gallalaus en langt ferðalag byrjar með fyrstu skrefunum.

**NIÐURSTAÐA:** Boðskapurinn og bestu brandararnir réttlæta margt en nú þarf PóliS að taka næsta listræna skrefið.

# Fögnuður á Vínartónleikum

TÓNLIST

**Verk eftir Strauss jr, Zeller, Lumbye, Kalmán og fleiri**
**Stjórnandi:** Kornelios Michailidis
**Einsöngvarar:** Herdís Anna Jónasdóttir og Gissur Páll Gissurarson
**Dansarar:** Þorkell Jónsson, Denise Margrét Yaghi, Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir
**Eldborg í Hörpu**
fimmtudaginn 24. febrúar

Jónas Sen


Herdís Anna söng á Vínartónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dónárvalsinn eftir Jóhann Strauss yngri, sem var leikinn á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið, er spilaður úti um allt í Vín. Það kveður svo rammt að því að valsinn hefur verið kallaður annar þjóðsöngur Austurríkisbúa.

Hið merkilega er að hann sló ekki í gegn þegar hann var frumfluttur árið 1867, en það var í kórútsetningu.

Textinn var brandari sem var ætlaður til að hressa Austurríkisbúa og fá þá til að hlæja. Þeir höfðu tapað stríði nokkru áður og voru í illu skapi. Þetta misheppnaðist, en þegar valsinn var leikinn aðeins síðar í hljómsveitarbúningi, varð allt vitlaust og hefur verið það síðan.

**Síðasta grímuskyldan**

Valsinn er ljúfur og tignarlegur í senn, þrunginn gleði og vímu. Gleði var líka ríkjandi á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Og ekki að undra. Aðeins nokkrir klukkutímar voru í að öllum samkomutakmörkunum skyldi aflétt. Grímuskylda var á tónleikunum, en vonandi í síðasta skipti um langt skeið.

Tónleikarnir voru líka ljómandi skemmtilegir. Tónlistin eftir Johann Strauss yngri og félaga er auðvitað margþvæld, en hér náði hljómsveitarstjórinn, Kornilios Michailidis, að gæða hana notalegum ferskleika. Í henni var kraftur og fjör, en einnig léttleiki og fágun.

Vínartónleikar eru venjulega snemma í janúar, svo seint í febrúar verður að teljast óvanalegt. En þið vitið ástæðuna.

**Safaríkur forleikur**

Forleikurinn að Leðurblökunni eftir Strauss yngri var upphafsatriði tónleikanna. Hann var sérlega safaríkur og grípandi í snörpum flutningi hljómsveitarinnar.

Því næst stigu einsöngvararnir á svið, fyrst Herdís Anna Jónasdóttir sópran og svo Gissur Páll Gissurarson. Þau sungu í nokkrum atriðum á efnisskránni. Almennt talað vakti Herdís meiri lukku meðal tónleikagesta, enda var söngur hennar áreynslulaus og þéttur, með kraftmiklum hápunktum. Hvorugt þeirra náði þó að gera nein lög sérstaklega krassandi.

> Það var eins og þau svifu um í geimnum, í fullkomnu þyngdarleysi.

**Magnaðir dansarar**

Nei, það voru dansararnir sem stálu senunni svo um munaði. Þetta voru Þorkell Jónsson, Denise Margrét Yaghi, Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir. Þau voru stórkostleg. Dansinn þeirra, við Keisaravalsinn eftir Strauss yngri og fyrrnefndan Dónárvals, var svo þokkafullur og lifandi, svo mjúkur og dreymandi að það var alveg einstakt. Það var eins og þau svifu um í geimnum, í fullkomnu þyngdarleysi.

Skemmtilegt var líka þegar annar karldansarinn bauð konsertmeistara hljómsveitarinnar, Veru Panitch, upp í vals. Hún lagði þá frá sér fiðluna og tók með honum nokkur glæsileg spor. Auðséð var að Vera er vanur dansari. Nú eru vonandi bjartir tímar fram undan. ■

**NIÐURSTAÐA:** Flottir tónleikar þar sem dansararnir stálu senunni.



Elísabet Jökulsdóttir talar um áföll. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Erfið áföll í Bókakaffi

kolbrunb@frettabladid.is

Á Bókakaffi í Borgarbókasafninu Gerðubergi á morgun, miðvikudaginn 2. mars klukkan 20.00 til 21.30, ræðir Soffía Bjarnadóttir við þær Elísabetu Jökulsdóttur og Önnu Hafþórsdóttur, um skáldverkin Aprílsólarkulda, Rauða hesta og Að telja upp í milljón – um arf og áföll í skáldskap og um leiðina til að sigrast á áföllum. Getur skáldskapurinn verið sú leið?

Elísabet fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir bók sína Aprílsólarkulda. Þar fylgir lesandinn ungri konu sem reynir að fóta sig í samfélaginu en það reynist þrautaganga þegar geðsjúkdómur hennar tekur æ meira pláss. Rauðir hestar er myndverk með ljóðum og textum um stúlku sem er hestur og leitar háskalegra leiða út úr áfalla- og fjölskyldusögu sinni. Um þessar mundir er leikverkið Blóðuga kanínan eftir Elísabetu á fjölunum en verkið sýnir hvernig persónan Dísa upplifir áfall og út úr henni brjótast ýmsar verur til að takast á við reynsluna.

Anna starfar sem rithöfundur, leikkona og handritshöfundur. Hennar fyrsta skáldsaga, Að telja upp í milljón, bar sigur úr býtum í handritasamkeppni Forlagsins, Nýjar raddir 2021, en þar beinir hún sjónum að áfallasögu fjölskyldu út frá sjónarhorni aðalpersónunnar, stúlku sem berst við að losa sig úr hlekkjum hennar. ■

# Dans litanna

kolbrunb@frettabladid.is

Þorsteinn Helgason sýnir ný verk á sýningunni Dans litanna í Gallerí Fold. Þorsteinn nam arkitektúr í Kunstakademiets Arkitektskole í Kaupmannahöfn og myndlist í Myndlistaskólanum í Reykjavík og í Myndlistar- og handíðaskóla Íslands. Þorsteinn hélt sína fyrstu sýningu í Reykjavík árið 1998 og þá fyrstu í Gallerí Fold árið 2000. Hann hefur síðan sýnt reglulega, bæði í Gallerí Fold, sem og víða erlendis. Sýningunni lýkur 12. mars. ■



Þorsteinn sýnir nýjar myndir.

# Muggur og Þórarinn

kolbrunb@frettabladid.is

Á perluuppboði Foldar er vandað úrval íslenskrar myndlistar. Af fágætum perlum má nefna afar athyglisvert málverk frá Þingeyri málað af þeim Muggi og Þórarni B. Þorlákssyni. Ekki er vitað til þess að samstarf þeirra hafi getið af sér fleiri verk. Fjöldi annarra góðra verka er á uppboðinu og þau eru til sýnis í Fold uppboðshúsi. Uppboðið stendur til 7. mars. ■



Mynd Muggs og Þórarins.

# Vögguvísur og sönglög

kolbrunb@frettabladid.is

Á morgun, miðvikudaginn 2. mars klukkan 12.15 heldur hádegistónleikaröðin Tónlistarnæring í sal Tónlistarskóla Garðabæjar áfram eftir stutt heimsfaraldurshlé.

Vögguvísur og sönglög um drauma með yfirskriftinni Hádegisdraumar verða flutt af Hönnu Dóru Sturludóttur mezzósópran og Snorra Sigfúsi Birgissyni píanóleikara en lögin sem þau flytja eru eftir Wagner, Grieg, Fauré, Pál Ísólfsson og Snorra Sigfús. Aðgangur er ókeypis. ■



Snorri og Hanna Dóra.


# Aðalfundur Landsbankans 2022

Aðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn með rafrænum hætti miðvikudaginn 23. mars 2022 kl. 16.00.

## Drög að dagskrá

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Skýrsla bankastjóra.
3. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
5. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum.
7. Kosning bankaráðs.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
10. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
11. Önnur mál.

## Fyrirkomulag fundarins

Bankaráð Landsbankans hefur ákveðið að aðalfundur bankans 2022 verði haldinn að öllu leyti með rafrænum hætti í samræmi við 1. mgr. 13. gr. samþykkta bankans.

Aðalfundurinn fer eingöngu fram með Lumi AGM fundarlausninni.

Óskað er eftir að hluthafar sem hyggjast sækja aðalfundinn skrái þátttöku sína **fyrir kl. 16.00 þann 18. mars 2022** á vefsíðunni https://www.lumiconnect.com/meeting/landsbankinn. Hluthafar þurfa innan sama tíma að leggja fram skriflegar spurningar um dagskrá eða eftir atvikum skjöl sem þeir óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum. Senda skal slíkar spurningar og skjöl á netfangið aðalfundur@landsbankinn.is. Í framhaldi af skráningu sinni mun hluthöfum berast tölvupóstur með aðgangsupplýsingum.

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja aðalfundinn og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd.

Nánari upplýsingar um aðgang að Lumi AGM fundarlausninni, rafræna atkvæðagreiðslu, sniðmát af umboði og aðrar upplýsingar varðandi fundinn má finna á vefsíðu bankans https://www.landsbankinn.is/bankinn/fjarfestatengsl/adalfundir.

## Aðrar upplýsingar

Hluthafi á rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast á netfangið adalfundur@landsbankinn.is fyrir kl. 16.00, þriðjudaginn 8. mars 2022.

Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða gerð aðgengileg miðvikudaginn 9. mars 2022 á vefsíðu bankans, https://www.landsbankinn.is/bankinn/fjarfestatengsl/adalfundir.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynningar um framboð til bankaráðs skal senda á framangreint netfang fyrir kl. 16.00, föstudaginn 18. mars 2022. Upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á framangreindri vefsíðu bankans eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum, að frádregnum eigin hlutum, sem eru án atkvæðisréttar.

**Reykjavík, 1. mars 2022.**
**Bankaráð Landsbankans hf.**



LANDSBANKINN.IS

# Hræðilega miðaldra æskulýður

**Ágúst Bent, söngvari þungarokkshljómsveitarinnar Horrible Youth, segir þá félaga komna af léttasta skeiði þótt þeir komi merkilega vel út úr faraldrinum. Tvö lög af væntanlegri breiðskífu eru þegar komin út og restin ætti að skila sér í sumar sem vonandi verði hlaðið rokki og róli.**

toti@frettabladid.is


Ágúst Bent, Frosti Jón, Hálfdán og Helgi Rúnar kenna sig við Horrible Youth. MYND/AÐSEND

Þungarokksveitin Horrible Youth sendi frá sér smáskífuna Adults undir lok síðasta mánaðar en laginu Ruiner var sleppt lausu í október þannig að forsmekkurinn af því sem koma skal með breiðskífu í sumar er þegar orðinn tvöfaldur.

„Það er bara allt að gerast. Plata í sumar og svo erum við að fara að spila núna,“ segir Ágúst Bent, söngvari og gítarleikari Horrible Youth, og nefnir Eistnaflug sérstaklega sem einn af fyrirsjáanlegum hápunktum hjá hljómsveitinni í nánustu framtíð.




„Það eru víst margir um hituna núna,“ segir Gústi með vísan til þess að nú er loksins búið að létta öllum sóttvarnahömlum af skemmtanalífinu. „Eini gallinn hjá okkur er að við lendum svolítið á milli þar sem við erum ekki beint að spila aðgengilegustu tónlistina en hún er samt ekki sú óaðgengilegasta.

Við þykjum ekki nógu harðir fyrir þá allra hörðustu og svo kannski aðeins of harðir fyrir meginstrauminn. Við fáum til dæmis ekki X dagspilun á X-inu. Þetta er bara svona. Þannig að við erum að horfa svolítið út,“ segir Gústi um útrás þeirra Frosta Jóns trommuleikara, Hálfdáns Árnasonar bassaleikara og gítarleikarans Helga Rúnars Gunnarssonar.

## Treysta á rokkþorstann

„Við ætlum að skoða að fara út í sumar og ef ekki í sumar þá næsta sumar. Þessi tegund tónlistar þarf kannski aðeins stærri vettvang en ég samt er alveg á því að Íslendingar eru rokkþyrstir,“ segir Gústi og nefnir hljómsveitina Dimmu kenningu sinni til stuðnings. „Hún á nú ansi breiðan aðdáendahóp. Þannig að það er allt hægt í þessu, sko.“

Gústi segir þá félaga vera til í tuskið eftir langvarandi þrengingar á tónleikamarkaði en að þeir ætli þó að fara hægt af stað og stefna í að slá í upp úr miðjum mánuðinum. Og byrja þá helst á öruggum stað eins og til dæmis Dillon. „Við erum bara að fara af stað, sko, og langar náttúrlega bara að spila en nennum ekki alveg að vera í fyrsta hollinu.

Við erum að gera plötuna og það fer rosalegur tími í þetta allt saman þannig að maður þarf svolítið að forgangsraða. Vegna þess að þegar við spilum „live“ þá viljum við vera þéttir og það þarf að æfa og það tekur tíma líka.

Þannig að þetta er eiginlega búið að henta okkur rosavel og ef þessi opnun núna hangir þá erum við að fara helvíti vel út úr þessu,“ segir Gústi og bætir við að sveitin hafi nýtt dauða tímann undanfarin tvö ár vel.

„Þú veist, ef allt hefði verið opið þá hefði ég hent þessu út allt of snemma. Ég er svo óþolinmóður. Við erum búnir að geta legið aðeins á þessu og ég er búinn að læra smá þolinmæði. Maður er ekki nema 40 ára en búinn að læra að það er oft gott að hlaupa ekki alltaf.“

## Melódískt grugg

Gústi segir nýju plötuna, sem er önnur plata Horrible Youth, svo gott sem tilbúna. „Við erum búnir að taka upp megnið af henni. Sex lög eru bara að verða til og svo eru það bara hin fjögur þannig að við náum að koma henni út í sumar.“

Þótt Gústi hafi alið manninn í Noregi, hvar svartmetallinn hefur löngum átt sitt varnarþing, segist hann alveg laus við öll áhrif af slíku. „Ég tók ekki black metalið inn í hjartað á mér. Ég hef aldrei verið þeim megin. Þetta er svona svolítið grugg og melódískara. Þetta er kannski meira Svía megin myndi ég segja. Svíarnir eru melódískari, Norðmenn eru alveg flottir en ég er hrifnari af Svíunum. Það er skemmtilegri flokkur.“

## Miðaldra beiskja

***Þú talar um ykkur sem menn komna af léttasta skeiði en svo rokkið þið undir merkjum skelfilegrar æsku. Hvaða stælar eru það?***

„Er þetta ekki bara biturleiki manns sem er að nálgast miðjan aldur? Þetta er „midlife angst“ eiginlega. Maður horfir svona öfundaraugum á æskuna og lætur allt fara í taugarnar á sér,“ segir Gústi en bendir síðan á að nafnið Horrible Youth vísi í laglínu af fyrri plötunni.

„Og mér fannst þetta smellpassa fyrir okkur. Maður er alltaf með einhverja efasemdir. Er maður orðinn of gamall í þetta? En svo þarf ekki að horfa lengra en til hljómsveitar eins og HAM til að sjá að það er hægt að gera þetta rétt þótt maður eldist.“ ■







# Jón Gnarr hefur ekkert heyrt frá vini sínum Volodímír Selenskíj

svavamarin@frettabladid.is
toti@frettabladid.is


Jón Gnarr og Selenskíj tengdu vel í gegnum grínið en Jón hefur ekkert heyrt frá kunningja sínum eftir að ráðist var inn í Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Ég efast um að hann hafi tíma í Whatsapp-spjall við mig,“ segir Jón Gnarr þegar hann er spurður hvort hann hafi heyrt frá Volodímír Selenskíj, forseta Úkraínu, eftir að rússneski herinn réðst inn í Úkraínu og forsetinn varð skotmark Vladímírs Pútíns og útsendara hans.

Vel fór á með fyrrverandi borgarstjóra Reykjavíkur og þá nýkjörnum forseta Úkraínu þegar þeir hittust í Kíev 2019, enda báðir ekki síður þekktir fyrir sín fyrri störf sem leikarar og grínistar.

Jón bendir meira að segja á að Selenskíj hafi hrifist mjög af Besta flokknum sem hafi veitt honum slíkan innblástur að hann ákvað að bjóða sig fram til embættis forseta í Úkraínu. „Hann er í grunninn vinsæll grínisti sem er orðinn forseti og allt í einu kominn í stríð við Pútín.

Við, Íslendingar, eigum menningarleg og söguleg tengsl til Úkraínu sem við áttum þátt í að setja á stofn og hét náttúrlega Garðaríki og Kænugarður. Þetta eru bræður okkar og systur.“

Jón sagði á sínum tíma frá fundi þeirra Selenskíjs í Kænugarði á Facebook þar sem hann sagðist hafa rætt við forsetann um „alls konar“ og þá meðal annars um hamingju á krísutímum. „Úkraína á í stríði og fólk er að leita að von,“ skrifaði Jón í september fyrir tæpum þremur árum.

„Við ætluðum að eyða tíma saman í Kíev en hann þurfti svo að fara mjög skyndilega, þetta er allt svona mjög fullorðins sko,“ segir Jón og bætir aðspurður við að síðan þá hafi samband þeirra verið stopult.

> „Hann er í grunninn vinsæll grínisti sem er orðinn forseti og allt í einu kominn í stríð við Pútín.


Jón Gnarr

„Sko, bara mjög lauslega. Bara jólakveðjur og einhverjir þumalputtar en þegar ég er í sambandi við hann veit ég sko ekkert hvort það sé endilega hann sem er að svara mér,“ segir Jón um rafræn samskipti við forsetann.

Jón segist eiga fleiri vini í Kænugarði og segir ástandið bara ömurlegt. „Fyrir utan þennan augljósa hernað þá er einangrun og eymd aukin með því að loka fyrir vatn, rafmagn og taka út netið.“

Þegar Jón er spurður hvort hann viti til þess hvað vinir hans í Úkraínu hyggist gera segir hann einhverja þeirra ætla að halda sig heima og vona að þetta gangi yfir. „Mér heyrist fólk náttúrlega bara vera miður sín og ringlað og þau viti ekki hvað þau ætla að gera og ég held að enginn hafi í alvörunni átt von á þessu.“ ■



Öskudagsfjör
Stútfull neðri hæð og netverslun!
Opið til kl. 21 á bolludag!
Opið til miðnættis á sprengidag!
KETCHUP
SWAG BAG
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534
www.partybudin.is
ÖSKUDAGSOPNUN
Helgin 26.-27. feb.
11-18
Bolludagur
10-21
Sprengidagur
10-24








Gísli Örn leikur syrgjandi föður á harðahlaupum og lætur launin fyrir leikinn renna til sorgarsamtaka. MYNDIR/ BORGARLEIKHÚSIÐ

# Gísli lætur samtök syrgjenda njóta puðsins á leiksviðinu

**Leikarinn Gísli Örn Garðarsson vildi að hlaup sín í verkinu Ég hleyp skiptu raunverulegu máli og ákvað því að láta allar tekjur sínar af sýningunni og puðinu á leiksviðinu renna til fjögurra sorgarsamtaka.**

odduraevar@frettabladid.is

Í leikverkinu Ég hleyp fer Gísli Örn með hlutverk manns sem byrjar að hlaupa eftir barnsmissi. Maðurinn hleypur og hleypur og getur ekki hætt. Hann getur ekki höndlað sorgina með öðrum hætti og finnst hann léttur, frjáls og sterkur á hlaupunum.

„Svona mikil áföll eru oft sveipuð einhvers konar hjúpi, það erfitt að tala um það og lenskan sú að þú skalt bera harm þinn í hljóði,“ segir Gísli sem hefur ákveðið að láta allar tekjur af leik sínum renna til sorgarsamtakanna Nýrrar dögunar, Ljónshjarta, Bergsins og Dropans.

„Sem betur fer eru til einhver samtök sem standa fyrir því að fólk geti borið sinn stærsta harm eða hvað það kann að vera og deilt sögum,“ segir Gísli Örn.

„Mig langaði að leggja mitt til í því samhengi. Að hjálpa að lýsa ljósi á þessi samtök og hlaupa fyrir þau og í nafni þess einhvern veginn að fólk verður fyrir alls konar áföllum og þau eru mun sjálfsagðari en við tölum um og ættum kannski að tala um.



Ný dögun, Ljónshjarta, Bergið og Dropinn njóta góðs af puði Gísla Arnar á sviði Borgarleikhússins.

Þetta var líka í sjálfu sér hvatning fyrir mig til að gera sýninguna. Svo ég gæti hlaupið í einhverjum öðrum tilgangi en fyrir sjálfan mig.“

> Mér fannst það upplagt að þetta yrði mitt maraþon.

Gísli Örn hleypur meira eða minna alla sýninguna og það tekur á eðli málsins samkvæmt. „Þetta er eins og með Íslandsbankamaraþonið, þar sem fólk er að hlaupa í nafni einhvers. og mér fannst það upplagt að þetta yrði mitt maraþon í því samhengi.“

Þá berst talið að harminum, sem Gísli bendir á að sé gjarnan feimnismál. „Og eftir því sem lengra líður frá því að fólk lendir í áfalli, þeim mun erfiðara er að tala um það því öðrum finnst kannski að það eigi að vera komið yfir það eða eitthvað þess háttar. Okkur farnast öllum best þegar við náum að tala um hlutina og sem betur fer eru þessi samtök til staðar til að hjálpa og drifin áfram af fólki sem hefur lent í harmi eða af hugsjón þess. Það er svo mikil samkennd í þessu og þetta er svona mitt innlegg.“ ■

# Menntskælingar snúa bökum saman

odduraevar@frettabladid.is

„Ég er mjög feginn að geta notið síðustu metranna á minni menntaskólagöngu fyrir alvöru,“ segir Kári Kristinsson, forseti NFVÍ, sem útskrifast úr menntaskóla í vor. Verzlingar ríða á vaðið á fimmtudag með fyrsta alvöru menntaskólaballinu eftir kófið, sjálft Nemó sem er stærsta ball ársins í skólanum.

Formenn nemendafélaganna hafa talað sig saman til að tryggja að böll skólanna séu ekki haldin í sömu vikunni. Þannig verða MR-ingar með sitt ball í næstu viku. „Við höfum svona reynt að hafa þetta þannig þótt það hafi ekkert formlegt spjall átt sér stað,“ segir Kári.

Hann segir stemninguna í skólanum engu líka. „Nemó hefur alltaf verið stærsta menntaskólaballið á landinu, þannig að spennan er gríðarleg og árshátíðarvikan er byrjuð,“ segir Kári sem eðli málsins samkvæmt er á þönum þessa vikuna.



Kári Kristinsson, forseti NFVÍ.

„Tilfinningin sem maður finnur fyrir er eiginlega bara léttir og maður er feginn að fá að njóta þessara síðustu mánaða menntaskólans á eðlilegan hátt,“ segir Kári.

Ballið er haldið í Kaplakrika og treður stórskotalið upp, Friðrik Dór, Páll Óskar og DJ Dóra Júlía, svo einhverjir séu nefndir. „Við ætlum að gera þetta almennilegt svona á síðustu metrunum.“ ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

# Upp með sokkana!

Árlega missum við 320 pabba, afa, bræður, syni og vini úr krabbameinum. Sýndu lit, þekktu einkennin og kauptu sokka til styrktar Krabbameinsfélaginu.



MOTTUMARS

Krabbameinsfélagið

mottumars.is

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

## Bakþankar



Péturs Georgs Markan

# Leikur bjarnarins að lýðræðinu

„Góðmennska er ekki bara orð heldur afleiðing af athöfn," sagði faðir minn eitt sinn við mig yfir eldhúsborðið. Þessi brýning hefur örugglega komið til af ástæðu. Þessi lærdómur hefur síðustu daga verið mér hugleikinn. Í Rússlandi er ekki lýðræði – þar er orðið notað til að efna til kosninga þar sem útkoman er fyrirfram ákveðin. Með valdi og skoðanakúgun. Þar er orðið notað til að ljúga sig til viðurkenningar annarra ríkja.

Í Rússlandi er Pútínræði – og það er Pútín sem ræðst nú inn í fullvalda ríki, með sitt heimsins stærsta kjarnavopnabúr klárt. Setur heiminn á heljarþröm. Pútín fer ekki í friðargæslu- eða stríðsleiðangur inn í Úkraínu – heldur fremur ólöglega hernaðaryfirtöku sem kostar líf og blóð. Lífi barna fórnað – sundrung samfélaga, eyðilegging og manngert helvíti. Þetta á hins vegar ekki að koma okkur á óvart. Við höfum lengi vitað um ástandið í Rússlandi. Við höfum horft fram hjá heimseinveldi sem safnar kjarnavopnum, drepur stjórnarandstæðinga, kúgar minnihlutahópa og ógnar friði.

Með tilurð Evrópusambandsins varð til lengsta friðartímabil í sögu álfunnar. Mesta lýðræðis-, velferðar- og réttindaskeið hins almenna borgara. Kerfisbundin aðför síðustu ára að sambandinu er farin að segja til sín. Alþjóðastjórnmál raungerast í samhengi. Stríðsglæpirnir í Úkraínu eru afleiðing af flóðbylgju öfgastjórnmála sem hafa hafnað frjálslyndi og alþjóðasamvinnu.

Björninn í Rússlandi hefur leikið sér að lýðræðinu í langan tíma og við höfum horft á það og vonað að friður haldist samt um vora tíma. Það reyndist rangt í aðdraganda heimsstyrjaldarinnar seinni og það reynist rangt núna. ■

TÖLVUSKJÁIR
FYRIR LEIKINA - VINNUNA - HEIMILIÐ
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUSKJÁUM
MAGNAÐUR MARS
NÝJAR VÖRUR OG TILBOÐ
30% AFSLÁTTUR
69.990 48.993
29" Ultra Wide skjár
TÖLVUTEK
Reykjavík • Mörkin 3 | Akureyri • Undirhlíð 2

★★★★★
GERIÐ GÆÐA OG VERÐSAMANBURÐ
Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum

BODYPRINT
Reverie
STILLANLEG HJÓNARÚM
MEÐ BODYPRINT DÝNU – EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

GHENT
FYLDS The Belgian Bed
HANDGERÐ HEILSURÚM – FYRIR ÞÁ ALLRA KRÖFUHÖRÐUSTU

★ FERMINGARTILBOÐ ★

ÝMIR
HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI
Styður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Pokagormarnir eru með misþykkum vír eftir því hvar þeir eru staðsettir í dýnunni. Mjúkir við axlasvæði, stífir við mjóbakssvæði, millistífir í miðjunni. 330 gormar per fm². Tvíhert stál.

| STÆRÐ | VERÐ ÁÐUR | VERÐ NÚ |
|---|---|---|
| 120×200 | ~~99.900 kr.~~ | 89.900 kr. |
| 140×200 | ~~114.900 kr.~~ | 104.900 kr. |
| 150×200 | ~~129.900 kr.~~ | 119.900 kr. |

Öll verð með PU botni og fótum.
ATH. fleiri stæðir í boði.

GÓÐUR STUÐNINGUR VIÐ MJÓBAK

FRIGG – MILLISTÍF
HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA Á FRÁBÆRU VERÐI
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbaksstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

ÓÐINN – STÍF
HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA Á FRÁBÆRU VERÐI
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbaksstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

IÐUNN
GÓÐ SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA SEM STYÐUR RÉTT VIÐ LÍKAMANN
Cool efnablandan aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og betri líðan, þú færð dýpri og betri svefn. Áklæðið má þvo og er einnig með "Non-slip" efni á botni dýnunnar.

FRIGG, ÓÐINN OG IÐUNN:

| STÆRÐ | VERÐ ÁÐUR | VERÐ NÚ |
|---|---|---|
| 120×200 | ~~139.900 kr.~~ | 119.900 kr. |
| 140×200 | ~~159.900 kr.~~ | 139.900 kr. |
| 150×200 | ~~179.900 kr.~~ | 159.900 kr. |

Öll verð eru með PU botni og fótum. ATH. fleiri stæðir í boði.

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

25% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLUTUM VIÐ DÝNUKAUP
VERÐ SEM KOMA Á ÓVART
Svefn & heilsa ★★★★★
Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 - AKUREYRI
VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK
LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150
OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16
UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is
UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.